

# SIRKUS <sup>RVK</sup>

17. FEBRÚAR 2006 | 7. VÍKA

**BJÖRK**  
ER EINS OG BJÖRK  
OG DORRIT EINS OG  
CHRISTINA AGUILERA

**SIRKUS DATT Í ÞAÐ  
Á AKUREYRI**

**STELPURNAR Í SÓFANUM  
EINN DONALD  
TRUMP TAKK!**

**VIÐ ERUM  
PEPPE & ROMARIO  
EKKI HOMMAR**

BRÆÐURNIR PEPPE OG ROMARIO ERU KOMNIR TIL LANDSINS OG ÆTLA  
AÐ DANSA MEÐ SILVÍU NÓTT Á SVIÐINU Á MORGUN. ÞEIR VORU ÞÓ  
EKKI SÁTTIR VIÐ AÐ VERA KALLAÐIR HOMMI OG NAMMI.

+ ALLT SEM ÞÚ ÞARFT AÐ VITA UM MENNINGAR- OG SKEMMTANALÍFIÐ Í REYKJAVÍK

# BANNAD AD FLAKKA Á MILLI HÆÐA

KONU- OG KARLAKVÖLD FM 957 VERÐUR  
HALDIÐ Á SÓLON ANNAÐ KVÖLD.

„Í staðinn fyrir hefðbundið partí þá er þetta aðeins önnur stemning og það ætti að virka mjög vel, það þarf oft ekki mikið til að breyta út af vananum“ segir Svali útvarpsmaður á FM 957 sem er að sjá um Konu- og Karla kvöld FM 957 á Sólon. „Þetta er á laugar-dagskvöldið, fjörið hefst klukkan tfu, við erum búin að vera að hita mannskapinn upp með því að hafa svona kalla- og konuviku. Þar erum við búin að vera að tala um samskipti kynjanna alla daginn. Gefa gjafir og svona af því að Valentínusardagurinn var á þriðjudaginn og svo er konudagurinn núna á sunnudaginn. Þannig að núna ætlum við að fara saman að skemmta okkur á Sólon, nema hvor á sinni hæðinni, karlarnir á efri hæðinni og konurnar á neðri. Svo verður undirfatasyning fyrir bæði kynin og bornir fram drykkir sem eru stílaðir á annað hvort karla eða konur. Þetta er bara stemning og svo á miðnætti verða hæðirnar opnaðar og allir geta blandað geði. Það eru sko dyraverðir sem passa upp á að það verði ekkert flakkað á milli, það er bara svoleiðis,“ segir Svali sem er spennur fyrir kvöldinu. Á síðasta kvennakvöldi FM var heldur betur margt um að vera og stripluðust fáklæddar konur um skemmtistaðinn. Hver veit nema von sé á slíku í kvöld.

ER VON EINHVERJU  
SVIPUÐU ANNAÐ  
KVÖLD?



SVALI LOFAR  
STEMNINGU Í  
KVÖLD.



SVONA VAR STEMNINGIN Á SÍÐASTA  
KVENNAKVÖLDI FM 957.

## SIRKUS MÆLIR MEÐ



Við mælum með sundi, sundi og aftur sundi. Sund gerir kraftaverk fyrir andlega sem og líkamlega heilsu. Það er sko ekki af verri endanum að þú getur minglað frá þér allt vit í sundi. Það er alltaf fullt af fólki til í að kjafta við þig um heima og geyma, veður og pólitik. Ekki gleyma rennibrautinni, ertu maður eða mús?



Bollywood-dansar eru málið núna og það leikur enginn vafi á því. Stórkostlegur dans. Í Magadanshúsi Josy í Ármúla er hægt að læra Bollywood-dansa. Bollywood er Hollywood þeirra Indverja og eru vinsældirnar ekki af skornum skammti. Þannig að nú er um að gera að bretta upp ermar og skella sér í prufutíma og athuga hvort þetta sé ekki málið fyrir þig.



Nú er mál til komið að skella sér í Barnabíó í Norrænu húsinu, Norræna húsið lætur aldrei deigan síga og stendur nú fyrir sýningum nokkra sunnudaga á hverjum vetri. Núna er komið að því og er sýning haldin núna sunnudaginn 19. febrúar og hefst klukkan 14.00 og það besta við þetta allt saman er að þetta er ókeypis.



Núna er eitt sem borgar sig að gera og það er að dusta rykið af grillinu og öllu sem því tengist, það er kominn í okkur grillpúki. Það þarf ekki að vera sól og sumar til að grilla, þeir sem vita betur vita að það er ekkert eins ævintýrlegt og skemmtilegt eins og að grilla í snjó á stjörnuþjörtu kvöldi. Kaupið eitthvað gott, ykkar uppáhald og grillið saman.

## EFNI

- 4 – Sjonni Brink styður alla minnihlutahópa
- 6-7 – Einn Donald Trump takkt!
- 8-9 – Peppe og Romario eru ekki hommar
- 10 – Hungur er sálfræðitryllir um svelt og ofát
- 12 – 100 % Rúna opnar dyrnar
- 14 – Undanúrslit í spurningakeppni dyravarðanna
- 16-17 – Sirkus datt í það á Akureyri
- 18 – Laufey slær í gegn í Blóðbönd
- 26-28 – Allt sem þú vilt vita um menningar- og skemmtanaliðið í Reykjavík
- 31 – Gillzenegger kennir bíóframkomu



## SIRKUSÁVARPIÐ

# ALTER EGÓ Í EUROVISION

Ég horði alltaf á þætti Hemma Gunn þegar ég var litill. Mér þótti alltaf skemmtilegast þegar Hemmi fór og talaði við litlu krakkana einnig var ég mjög hrifinn af týpunum hans Ladda. Elsa Lúnd var sérstaklega heillandi og svo kom Dengsi sterkur inn seinna. Þetta eru mínar fyrstu minningar um alter egó í sjónvarpi. Reyndar hefur Laddi átt fjölmörg alter egó og er í raun konungur í faginu. Nú seinni ár hafa komið fram á sjónarsviðið alter egó eins og Johnny Naz og Sílvia Nótt sem bæði slógu í gegn. Nú horfir svo við að fulltrúi Íslands í Eurovision verði alter egó. Sílvia mun vinna undankeppnina og í kjölfarið af því skottast upp í vél og svifa til Aþenu. Þeir Peppe og Romario munu fylgja henni út og taka eggjandi dansspor. Annað hvort mun atriðið slá í gegn eða biða afhröð. Hvað sem því líður er þetta engu að síður besta lagið í undankeppninni og Peppe og Romario eitthvert flottasta forsiðu-efni sem sést hefur í íslensku blaði.

Sólmundur Hólm



365

# SIRKUS®

**Auglýsingastjóri:** Jóhannes Már Sigurðarson  
**Kynningarstjóri:** Guðmundur Arnar Guðmundsson  
**Sölustjóri:** Einar Björgvin Davíðsson, sirkusauglysingar@365.is  
**Umsjónarmaður:** Sólmundur Hólm  
**Ritstjórn:** Hjörvar Hafliðason og Sigríður Ella Jónsdóttir.  
**Áskrift:** 550 5000 / askrift@365.is  
**Prentun:** Ísafoldarprentsmiðja



Forsíðumyndina  
tók Hari af þeim  
Peppe og  
Romario.

---

---

# VOR SUMMAR 2006

---

GK REYKJAVÍK

---

LAUGAVEGUR 66, 101 REYKJAVÍK.

SIGURJÓN BRINK TEKUR LAGIÐ HJARTAPRÁ Í FOR-KEPPNI EUROVISION SEM FRAM FER Á MORGUN. LAGIÐ ER GRÍPANDI OG SKEMMTILEGT OG GÆTI FARIÐ LANGT Í KEPPNINI. SIRKUS RVK YFIRHEYRÐI KAPPANN.



# STYÐ ALLA MINNIHLUTAHOÞA

**YFIRHEYRSLAN**

## HAFI FORELDRAR ÞÍNIR KOMIÐ AÐ ÞÉR Í MIÐJUM ÁSTARLOTUM??

Nei, sem betur fer ekki.

## SUPERMAN, HE-MAN EÐA BATMAN?

HE-MAN, það er mín kynslóð. Ég horfði alltaf á þættina.



## FINNST ÞÉR LEIÐINLEGT EF VINUR ÞINN Á FLOTTARI KÆRUSTU EN ÞÚ?

Ég held að það eigi enginn falgri kærustu en ég.

## EF ÞÚ VÆRIR KLÁMMYNDALEIKARI Í BANDARÍKJUNUM, HVAÐ MYNDIRÐU HEITA?

Væri Big Brink ekki málið?

## HVER ER SÆTASTI MAÐUR SEM ÞÚ ÞEKKIR?

Það er að sjálfsgöðu Jói Idol-stjórnandi. Hann er mjög sætur og mikið krútt.

## EF ÞÚ MYNDIR SKORA SIGURMARKIÐ Í ÚRSLITALEIK HM Í FÓTBOLTA, HVERNIG MYNDIRÐU FAGNA?

Ég myndi fara úr öllum búningnum. Taka svo þrefalt heljarstökk með skrífu. Ég er gömul fimleikastjarna sjáðu til.

## LESTU FYRIR MIG SÍÐASTA SMS-IÐ SEM ÞÚ FÉKKST OG FRÁ HVERJUM ER ÞAÐ?

Það er kennitala og bankaupplýsingar hjá Bergi Geirssyni, bassaleikara Buffsins, sem hann sendi mér rétt áðan. Ég þarf að leggja inn á hann fimmtán þúsund kall fyrir kerfi.

## BÝRÐU YFIR EINHVERJUM SÉRSTÖKUM HÆFILEIKUM?

Já, ég er mjög góður að gera símaöt innan fjölskyldunnar. Ég hef hringt oft í sama fólkið og alltaf hefur það fallið fyrir þessu hjá mér. Ég tel þetta mikinn hæfileika.



## EF ÞÚ MÆTTIR VELJA ÞÉR FRÆNDA, HVERN MYNDIRÐU VELJA?

Já, Paul McCartney. Honum er velkomið gerast frændi minn.



## GÆTIRÐU HUGSAÐ ÞÉR AÐ SEMJA LAG UM DEILU MÚSLIMA OG DANA?

Já, já, því ekki?

## VAR ÞÉR STRÍTT Á AÐ VERA HREINN SVEINN?

Nei, ekki svo ég muni. Ég var frekar framfarlega í röðinni.

## HVORT FINNST ÞÉR ROPLYKT EÐA PRUMPULYKT VERRI?

Þær geta verið jafn slæmar en ætli prumpulyktin sé ekki verri. Því hún er alltaf slæm.



## HVERNIG MYNDIRÐU HAFI AUGLÝSINGUNA ÞÍNA Á EINKAMÁL.IS?

Góðhjarður og heiðarlegur maður leitir kynna við aðra lífveru. Kveðja, Big Brink.

## HEFURÐU EINHVERN TÍMANN HÖSTLAÐ ÚT Á AÐ ÞEKKA JÓA IDOL-STJÓRNANDA?

Já, auðvitað. Það er frábært að þekka hann. Hann er svo mikið krútt.



## STYÐUR ÞÚ BARÁTTU RAUÐHÆRÐRA Á ÍSLANDI?

Já, sonur minn er rauðhærður. Svo er ég örvhentur þannig að ég styð alla minnihluta-hópa.

## FÆRI Í TAUGARNAR Á ÞÉR EF ÞÚ KÆMIST AÐ ÞVI AÐ VINUR ÞINN VÆRI MIKLU RÍKARI EN ÞÚ?

Nei, alls ekki. Ég á mjög auðvelt með að samgleðjast öðrum.

## EF 10. SEPTEMBER ÁRIÐ 2001 VÆRI Í DAG, HVAÐ MYNDIRÐU GERA?

Ætli ég myndi ekki hringja fyrst til Bandaríkjanna og vara við árásum, svo myndi ég reyna að hringja í bin Laden og reyna að sjetla málin. Ræða við hann um hagsmunaárekstra og annað slíkt.



## BÖGGARÐU ALLTAF FRÆGA Á DJAMMINU?

Nei, ég geri það aldrei.

## BÚÐU TIL SPURNINGU FYRIR NÆSTA VIÐMÆLANDA!

Hvor heldurðu að myndi vinna í leðjuglímu, Ingibjörg Sólrún eða Davíð Oddsson?



## SIRKUS MÆLIR EKKI MEÐ



Ekki missa ykkur í vitleysunni og massa ykkur óeðlilega mikið upp. Það er bara eitthvað stórskrítið við það og frekar óþægilegt fyrir aðra að horfa á. Eyðið helmingi af tímanum í eitthvað allt annað en að pumpa, slappið af eða bara njótið lífsins á annan hátt. Ekki sleppa því þó alfarið að hreyfa ykkur.




Höfrungarhræðsla, hvað er nú það? Það var lítil flug sem sagði mér að Tyra Banks væri með höfrungarhræðslu. Er ekki allt í lagi með þessa konu? Við stöndum jafnfætis á því að Tyra Banks er ekki málið og hvað þá hennar hræðsla við höfrunga, halló, höfrungar eru rosalega sætir og skemmtilegir. Við skiljum hákarlahræðslu en höfrungahræðslu, kommon.



Jæja, þá er komið að því að upplýsa heiminn um það að litalinsur eru ekki og hafa aldrei verið töff. Í alvöru, hver glepti við þessu kjaftæði? Þeir sem gleptu við þessu þurfa og eiga núna að hugsa um það hvort þeir gleypi við öllu sem auglýst er. Nú ætlum við að opna augun fyrir sannleikanum og sjá hann með eigin augum, ekki gegnum litalinsur. Ekki kaupa allt sem ykkur er sagt að kaupa.

# TRÚR SÍNU LHÐI GEGNUM SÚRT OG SÆTT

4



JAMIE CARRAGHER.

„Já vá, hetjan mín er enginn annar en Jamie Carragher, varnarmaður hjá Liverpool,“ segir Gunnar Ragnarsson, söngvari hljómsveitarinnar Jakobínarína. „Hann er sönn hetja. Þetta er maður sem stendur með sínu og sinni trú. Hann er frábær knattspyrnumaður, algjör snillingur. Ég hef bara alltaf fílað hann, ég er mikill Liverpool-áhangandi. Það sem er best við hann er að hann er ekki búinn að týna sér í frægðinni. Hann spilar með hjartanu, fyrir áhangendur og auðvitað fyrir liðið. Hann er ekki búinn að gleyma rötunum.“



HETJAN MÍN

GUNNAR Í JAKOBÍNURÍNU.



**CHANGE<sup>®</sup>**

SMÁRALIND

# OPNUM Á MORGUN LAUGARDAG

MEÐ NÝJAR VÖRUR

# EINN DONALD TRUMP TAKK!

HVAÐ ERU STELPUR ALLTAF AÐ TALA UM, HVAD ERU STELPUR AÐ PÆLA OG PLANA? SIRKUS RVK REYNIR AÐ UPPLÝSA YKKUR LESENDUR GÓÐIR UM ÞAÐ HVAD OG HVERNIG STELPUR HUGSA. AÐ ÞESSU SINNI FENGUM VIÐ FIMM HRESSAR STELPUR TIL AÐ SPJALLA VIÐ. ÞÆR ERU HVER ANNARRI HRESSARI OG EKKI LÍÐUR Á LÖNGU ÞAR TIL VIÐ ERUM KOMNAR Í HEITAR UMRÆÐUR UM RÖNDÓTTA TREFLA.



HRUND, SANDRA, MARGRÉT OG BERTA Í GÓÐUM FÉLING



HRUND  
20 ÁRA  
HR – VIÐSKIPTAFRÆÐI,  
Á LAUSU.

SANDRA  
20 ÁRA  
ER Á LEIÐ ÚT Í SKÓLA Í  
KÖBEN, Á LAUSU.

**P**essi hópur hefur þekkt lengi þrátt fyrir að stelpurnar séu úr hinum ýmsu áttum. Flestar hafa verið duglegar að ferðast en eru allar komnar heim til að klára eða stunda námið. Þær eru óhræddar við að tala beint út um efnið og að sjálfsgöðu líkt og áður er umræðuefnið karlmenn.

#### ER ÞAÐ LADA EÐA BMW?

*Segjast karlmenn eiga peninga í þeim tilgangi að komast yfir stelpur?*

Margrét Ýr: Æ já, hvað er það?

Berta: Já, úff, þeir halda að það sé mjög töff að eiga peninga og halda að okkur finnist það mjög töff, en mér er alveg sama þó að hann nái í mig á Lödu í stað BMW því „at the end of the day“ er bara betra að hann eigi Lödu því þá er hann bara að eyða peningunum sínum í eitthvað gáfulegra.

Sandra: Það sem mér finnst skipta mestu er að þeir hafi markmið og stefni eitthvert ákveðið í lífinu. Það á ekki að skipta máli hvort gaurinn sé forseti eða rútbústjóri, bara á meðan hann sjálfur er duglegur og ánægður með það sem hann er að gera.

Matthildur: eru það ekki bara ljótustu gaurarnir og óruggustu sem eru að reyna að hössla með peningalummunni? Ég meina,

það hefur aldrei heavy myndarlegur maður komið og reynt við mann með því að gefa í skyn að það rigni yfir hann peningum.

Margrét Ýr: Ég meina, það er fullt af konum sem sækjast í að kallinn sé ríkur í stað þess að falla fyrir persónuleikanum.

Berta: Já, auðvitað eru til þannig konur. Okkar kynslóð er kannski öðruvísi. Við pælum ekki lengur í því hvor sé að þéna meira. Ef mig langar í ákveðna típu af bíl, þá hugsa ég ekki að ég verði að ná mér í ríkan karl heldur set ég þess í stað markmið mín hærra.

Margrét Ýr: Nákvæmlega, maður hugsar auðvitað þannig í stað þess að hugsa „einn Donald Trump takk!“

Matthildur: það er nú samt gott að vera með B-áætlun.

Og stelpurnar glotta og skella upp úr.

#### I LOVE MY BEER.

*Hvað með eldri gaurana?*

Sandra: Eldri menn? Erum við þá að tala um þessa með gráu hárin?

Margrét Ýr: Naaah... eru það ekki frekar þessir sem eru komnir á 30 plús aldurinn?

Berta: Jú, ég meina, við erum kannski á þannig stað, þar er fólk á okkar róli, á Óliver eru kannski eldri gaurar.

Berta: Það eru allavega ekki eldri menn á Hverfis.

Margrét Ýr: þetta fer líka eftir gaurnum.

Berta: Já, ef hann er búinn með námið, kominn með bílinn og húsið, þá er hann kominn í pakkann, vill fara að búa eftir smátíma, hann er að hugsa „þetta er kona barnanna minna“, en þegar maður er nær sínum aldri er þetta meira svona „sæt stelpa, ókei, sjáum hvert þetta leiðir“.

Sandra: Það er um að gera að njóta þess að vera ungur, háskólaárin eru viðburðarík og skemmtileg ár og um að gera að njóta þeirra til hins ýrasta.

Berta: Já, ef maður fer í einhvern pakka núna, þá er maður alveg að kasta mikilvægum tíma á glæ. Ég vil geta farið í vísindaferð klukkan fimm á föstudegi án þess að hafa áhyggjur af pössun, ég meina, I love my beer.

#### SÆT STELPA, HEY, ÉG SENDI SMS

*Hvað eiga strákar að laga?*

Berta: Það er engin deitmenning á Íslandi, karlmenn, takið þetta til ykkar!

Og stelpurnar eru greinilega hjartanlega sammála þar sem þær hrópa upp yfir sig.

Margrét Ýr: Það eru pottþétt einhverjir, ég meina, maður hefur farið á deit og svona en...

Hrund: Já, alveg sammála.

Berta: Hér er þetta samt alveg svona „vá, veistu hvað hann gerði?“ og allir alveg „vá, en æðislegt!“ en annars staðar þar sem er

deitmenning er það meira bara normið.

Og hópurinn skellir upp úr.

Matthildur: Hehe... SMS eru vafasöm.

Berta: Svo er þetta eitthvað, þú veist, „ætlarðu að djamma um helgina, hittumst niðri bæ“.

Margrét Ýr: Þegar við erum full, svo alveg á djamminu er hringt og minglað, öskrað inni á staðnum „hæ, hvar ertu, eigum við að hittast?“ og svo hittist maður.

Margrét Ýr: Er ekki bara málið að við tökum þetta í okkar hendur og bjóðum strákunum út að borða til tilbreytingar?

Sandra: Já, hvernig væri það?

#### SMS OFT „EASY WAY OUT“

*Hvað með SMS-forleiki?*

Hrund: Úff, af hverju hringir fólk ekki og talar saman?

Margrét Ýr: Þetta er náttúrulega alveg stór forleikur, karlmenn eru misfeimnir og geta alveg verið bestu og ljúfustu grey þótt þeir sendi SMS, þeir bara þora ekki.

Matthildur: Þetta er ekki sama og að eiga samskipti „face to face“.

Hrund: þetta er bara eitthvert svona „easy way out“.

Berta: En svo fer maður kannski til annarra landa og þá er þetta ekki samræðuform heldur skilaboð. En hér heima er þetta bara





**BERTA**  
21 ÁRS  
HR – VIÐSKIPTAFRÆÐI,  
Á FÖSTU.

**MATTHILDUR**  
21 ÁRS  
HÍ – HAGFRÆÐI,  
Á FÖSTU – 5 ÁR.

**MARGRÉT ÝR**  
20 ÁRA  
VERZLÓ – VIÐSKIPTABRAUT, Á LAUSU.

samtal sem gengur þetta allan daginn.

Sandra: En eins og ég var í Danmörku og þar er aldrei hringt, það er allt gert í SMSum, við vorum eitt sinn úti í búð og við gleymdum hvað við áttum að kaupa og þá sendum við SMS og stóðum bara og biðum í búðinni eftir svári, hvað er það? Af hverju hringiði ekki?

Margrét Ýr: Mér finnst asnalegt þegar fólk sendir SMS í tíma og ótíma, áttu systkini? Hvað er uppáhaldsliturinn þinn? Og svo áfram eitthvað þannig, hringdu og við afgreiðum þetta á tuttugu mínútum.

Matthildur: Já, þetta er bara peningaeyðsla, ég meina það.

#### EIN RÓS Í STAÐ TÍU?

En hvað með forleikinn í sinni víðustu mynd?

Berta: Maður hefur alveg hitt á rosalega herramenn. Ég meina, maður vill eitthvað ákveðið, karlinn minn á að vera svona og svona og svona! En svo hefur maður hitt á svoleiðis gaura og þá fer maður alveg í kerfi en svo er þetta það sem maður hefur verið að óska sér alla ævi.

Hrund: Já, svo alveg, jeminn hann gaf mér rósir... æi, maður roðnar alveg.

Berta: Já, þá er maður alveg oj, hann gaf mér blóm, nei, ég vil fá blóm, æ nei, það er svo hallærislegt, en dísus, hvað er ég að væla?

Matthildur: Æji, vá stelpur, ekki blóm.

Margrét Ýr: Nei, Matthildur meikar ekki að fá blóm, það er alveg á hreinu.

Berta: Já, við elskum allar blóm, en Mattí...

Matthildur: Jújú, allt í lagi, en að fá vönd! Þá er maður alveg, hver er meiningin?

Og þær skella allar upp úr.

Matthildur: Sko, ein rós er mjög sætt, það er hugurinn sem skiptir máli en hitt er bara peningaeyðsla, þetta bara drepst. Hvað? Er ég eitthvað vírd eða?

Og stelpurnar skella upp úr, finnst Matthildur soldið hörð við karlinn.

#### ALGJÖRT TURN OFF

Hvað er alveg offað við þessar elskur?

Sandra: Ég hata fitugt hár! Þá er ég ekki að meina vax eða eitthvað, heldur virkilega skítugt og fitugt hár. Sturtur eru til þess að nota þær.

Berta: Mér finnst líka ógeð þegar gaurinn er með buxurnar svona hangandi, og það sést í sjúkaðar nærbuxur, þú veist, slitna teygju. Mér finnst það ógeð.

Margrét Ýr: Þegar þeir eru búnir að klína á sig brúnkukremum í tíma og ótíma og líta út eins og gulrætur! Það er fáránlega mikið turn off!

Sandra: Og ljótir skór!

Matthildur: Kjánaleg bros eða þegar þeir

eru að reyna að gefa manni sexí augngotur. Hvað þá ef þeir eru með eitthvert ógeð á milli tannanna. Ég gæti ælt!

Berta: Þeir verða að vera snyrtilegir.

Hrund: Snyrtilegir og vel til fara, ekki spurning.

Matthildur: Ég hef einu sinni lent í því að gaur kíkta inn á bolinn minn og sagði „made in heaven“

Berta: Ha! Var hann þá að tala um brjóstin á þér?

Matthildur: Eruð þið veruleikafirrtar? Ég er að tala um merkimiðann á bolnum!

Berta: Óó...

Hrund: Miggg miggg.

#### LOÐNIR RASSAR

Margrét Ýr: Ég meika samt ekki loðna gaura. Auðvitað eru hár eðlilegur hluti en ég persónulega er ekkert að digga loðna rassa ef ég að segja alveg eins og er!

Hrund: Mér finnst samt loðnar bringur fáránlega sexí.

Berta: Það er erfitt að standast þannig hönka. Þeir verða eitthvað svo kynþokkafullir fyrir vikið.

Matthildur: Mér finnst samt mjög kjánalegt að sjá nokkur strá á stangli hér og þar um bringuna. Frekar bara að raka það af!

Berta: Klárlega.

Sandra: Mér finnst ekki spurning að karlmennt séu vel snyrtir niðri. Ég meina, ef að þeir ætlast til að við séum það þá ætlumst við líka til að þeir svári í sömu mynt.

Margrét Ýr: Þá erum við samt ekki að tala um að raka allt af. Bara þetta sé snyrtilegt og ekki að þetta sé einhver heystappa!

Berta: Heyr, heyr!

#### JUDE LAW-GAURAR.

Matthildur: Æ, maður man ekkert þegar maður er spurður að svona.

Berta: Jú, og svo eru náttúrulega röndóttu treflatýpurnar, það eru allir með röndóttu trefla í dag.

Og allar skella upp úr og klappa fyrir þessu góða kommenti.

Berta: Þeir eru út um allt eins og litlir maurar.

Matthildur: Allir gaurar í dag eru með röndóttu trefla.

Sandra: Þetta eru svona Jude Law-gaurar.

Margrét Ýr: Já, vá maður, ég hittu einn rosalega sætan eina helgi og ætlaði að finna hann helgina eftir en það var ekki fræðilegur að ég fyndi hann, það voru bara röndóttir treflar út um allt, ég gafst bara upp.

Berta: Þetta er bara málið núna, það eru röndóttir treflar út um allt eins og litlir maurar.



„ERTU KLIKKADUR? AF HVERJU  
HELDURÐU AÐ ÉG VILJI VERA  
ÍPRÓTTAMAÐUR?  
ÍPRÓTTIR ERU FYRIR TUSSUR.“

ROMARIO HATAR EKKI KONÍAKIÐ

VIÐ ERUM EKKI

**É**g hef verið hér áður. Ég kom hérna síðasta haust til þess að heimsækja stúlkuna mína, Silvíu,“ segir hjartaknúsarinn Romario sem er hvað þekktastur fyrir að vera kærasti Silvíu Nóttar. Hann er nú staddur hér á landi til að styðja við bakið á sinni heittelskuðu þegar hún tekur þátt í undankeppni Eurovision. Þeir sem fylgdust með þáttunum hennar Silvíu sáu þó að hann fór alls ekki vel með hana. Hann afmeyjaði hana og stakk svo af út í heim. Nú er hann snúinn aftur.

#### KOM TIL AÐ STYÐJA SILVÍU

„Þetta er nú erfið spurning,“ segir Romario þegar leitað er svara við því hvers vegna hann snéri aftur eftir að hafa yfirgefið Silvíu fyrst. „Mér finnst fyrst og fremst mikilvægt

að koma hingað og styðja Silvíu,“ segir Romario með seiðandi og suðrænum latínó hreim. „Hún er mér mjög mikilvæg og að mínu mati mjög hæfileikarík. Jafnvel hæfileikaríkasta kona Íslands. Ég hef því miklum skyldum að gegna gagnvart henni. Það má því segja að ég sé fyrst og fremst hingað kominn til að styðja við bakið á henni. Hún hringdi í mig um leið og hún heyrði að hún væri að fara að taka þátt í Eurovision og bað mig um að koma og styðja við bakið á sér.“

#### HUNDELTUR AF BLAÐAMÖNNUM

Romario er ekki einungis kominn hingað til lands til að styðja við bakið á Silvíu heldur er hann einnig að kynna fatalínu sem hann hyggst koma á markað hérlendis. „Ég er

með mjög stóra fatalínu sem kallast Cara del pene og er hátískuhönnun. Ég er kominn hingað með eigin fyrirsætu til að kynna línuna. Það er bróðir minn Peppe, sem er helmingur hjarta míns.“

*Eruð þið blóðskyldir?*

„Já, auðvitað, hvað heldurðu?“

*Ég veit það ekki.*

„Það er alveg dæmigert fyrir ykkur blaðamennina. Þið vitið ekkert.

*Hafa ítalskir blaðamenn leikið þig grátt?*

„Ég fæ hvergi frið. Ég er fæddur í Boca í Buenos Aires og þar er ég virtur af fjölmiðlum. Ég á fullt af veitingastöðum, skemmtistöðum og þekki aðila innan lögreglunnar. Þar er ég alveg látinn í friði. Í Mílanó eru menn hins vegar alltaf



ROMARIO ER STOLTUR AF PEPPE SEM KLÆDIST HÉR CARA DEL PENE-FÖTUM SEM HÖNNUÐ ERU AF ROMARIO.

„ÞAÐ ER ALVEG DÆMIGERT  
FYRIR YKKUR BLAÐAMENNINA.  
ÞIÐ VITIÐ EKKERT.“

# HOMMAR

ÞEIR PEPPE OG ROMARIO ERU SUÐRÆNIR OG SEIÐANDI Í MEIRA LAGI. ÞEIR VÖKTU ATHYGLI ÞEGAR ÞEIR KOMU FRAM ÁSAMT SILVÍU NÓTT Í UNÐANKEPPNI EUROVISION Á DÖGUNUM. ÞEIR MUNU KOMA FRAM MEÐ HENNI Á MORGUN, ÞRÁTT FYRIR AÐ VERA SÁRIR YFIR AÐ VERA KALLAÐIR HOMMI OG NAMMI. BLAÐAMAÐUR SIRKUSS ÁTTI SPJALL VIÐ ROMARIO EN HANN NOTAÐI TÍMANN AÐALLEGA Í AÐ ÚTHÚÐA BLAÐAMANNINUM FYRIR SLÆLEG VINNUBRÖGÐ.

SIRKUSMYNDIR HARI

að reyna að ná myndum af mér því ég er fræg undirfatayfirsæta og fatakönnuður.“

## MOLDRÍKUR

*Ertu ríkur?*

„Er ég ríkur? Hvað heldur þú? Auðvitað er ég ríkur. Ertu heimskur?“

*Sumir segja það já.*

„Segja sumir það? Já, ég segi það líka. Þú getur bætt mér á listann.“

*Ok.*

„Þú ert einhver latasti blaðamaður sem ég hef kynnst. Þú veist ekkert um mig, þú vinnur ekki heimavinnuna þína. Kannski ættirðu að fara að hugsa um vinnuna, kannski áttu

að starfa við eitthvað annað. Getur farið að leika í klámyndum. Ég veit það ekki. Því þú hefur ekki hæfileika í neitt annað,“ segir Romario og hlær geðveikislega.

## ÞEGURÐ ER GUÐS GJÖF

*Nú kemur þú frá Argentínu. Ég hélt að allir argentínskir smástrákar vildu vera eins og Maradona.*

„Ertu klikkaður? Af hverju heldurðu að ég vilji vera íþróttamaður? Íþróttir eru fyrir tussur.“

*Ög fyrirætustörf eru það ekki?*

„Nei. Það er dyggð guðs að geta setið fyrir eins og goðið Appolló. Hann var fallegur, eins og ég. Það er mín skylda að leyfa heiminum að njóta fegurðar minnar. Hvað heldurðu? Ef þú hefur svona guðsgjöf þá notarðu hana. Peppe

bróðir minn er líka mjög fallegur maður og ég hef reynt að kynna hann fyrir íslensku fólki. Hann er með fallegan líkama og vel skapaður.“

## ENGINN HOMMI

Þegar Silvía kom fram í undankeppni Eurovision á dögunum kallaði hún þá Peppe og Romario Homma og Namma á íslensku. Romario á marga vini hér á landi og þegar hann heyrði af því að kærasta hans væri að kalla þá þetta varð hann brjáláður. „Það er rangt að ég sé hommi. Silvía er bara drusla, ég veit ekki hvers vegna hún segir svona hluti um mig. Ég er kvennamaður. Fallegur maður með fallegan líkama,“ segir Romario – heitasti maður í heimi. SHS

9



HUNGRÐUR LEIKHÓPUR.

SIRIUSVIND - E.Ó.L.

LEIKSÝNINGIN HUNGUR VERÐUR FRUMSÝND Á LITLA SVIÐI BORGARLEIKHÚSSINS ANNAÐ KVÖLD. LEIKSTJÓRI ER GUÐMUNDUR INGI ÞORVALDSSON EN VERKIÐ ER EFTIR UNN-USTU HANS ÞÓRDÍSI ELVU ÞORVALDSDÓTTUR BACHMANN.

# SÁLFRÆÐITRYLLIR UM SVELTI OG OFÁT



ÍSLENDINGUR ÚTI Í HEIMI

## ÚTLAGINN

**Hvað heitirðu?** Indriði Sigurðsson  
**Hvar ertu?** Í lítilli borg í Belgíu sem heitir Hasselt.  
**Af hverju?** Ég er að „vinna“ við tuðruspark.  
**Heimilisáðstæður?** Í sambúð með gullfallegru konu sem heitir Jóhanna Sigmundsdóttir.  
**Dagur í lífi þínu?** Það er nú bara allur gangur á því. Vakna samt yfirleitt snemma til að fara í vinnuna. Þegar heim er komið er eitthvað smávegis borðað með frúnni, lærum yfirleitt saman eftir það. Síðan er farið í bæinn, golf eða á kaffihús, allt eftir því hversu veðurguðirnir eru góðir við okkur hverju sinni. Kvöldmat-ur og rólegheit eftir það.  
**Kostir þess að búa í Belgíu?** Ótrúlega mikið úrval af bjórtegundum.  
**Ókostir þess að búa í Belgíu?** Þessa dagana eru það moldvörpur í garðinum hjá mér sem gera mér lífið leitt.  
**Hvers saknarðu að heiman?** Vinanna og fjölskyldunnar.  
**Uppáhaldsstaður í Belgíu?** De Molen, krá sem félagi minn á hérna.  
**Íslendingar eru ...** ótrúlega duglegir.  
**Belgar eru...** latir og illa tenntir.  
**Ein manneskja sem þú biður að heilsa.** Ég bið að heilsa Einari Inga hryðjuverkamanni.

„Þetta er sálfræðitryllir um svelti og ofát,“ segir Guðmundur Ingi Þorvaldsson um verkið Hungur sem verður frumsýnt á Litla sviði Borgarleikhússins annað kvöld. „Við erum soldið í þessu að fjalla um fíkn og útlitsdýrkunina sem er í gangi í dag og hvernig hún fer með fólk. Þetta er náttúrulega bara eins og hver önnur fíkn og getur haft alvarlegar afleiðingar í för með sér.“

### EKKI ÁDEILUVERK EN ÁDEILA ÞÓ

Þó svo að verkið sé upplýsandi segir Guðmundur það ekki vera beina ádeila. „Það er ádeila í þessu en við erum ekki að setja það fram sem ádeiluverk. Trainspott- ing var um dópista en var samt ekki nein ádeilumynd. Þetta er enginn forvarnafyr- irlestur, bara mjög skemmtileg sálfræði- tryllingsflétta. Það er svo gaman að kyn- nast hugarheimi þessa fólks. Hann verður oft svo brenglaður og skríttinn þannig að það er hægt að gera mjög skemmtilega hluti með þetta.“

### BJÓ MEÐ SJÚKLINGI

Verkið er eftir Þórdísi Elvu Þorvalds- dóttur Bachmann sem er unnusta Guð- mundar. Kveikjan að þessu handriti Þór-

dísar var sú að hún var að vafra á netinu og rakst inn á heimasíður um anorexíu-, búlimíu- og offitusjúklinga og sá að þeir tala nánast eins um líðan sína. Það er sama sjálfshatrið í gangi. Sömu komplex- arnir og oft sömu meinin sem eru að hrjá þetta fólk. Guðmundur segir bæði hann og Þórdísi hafa reynslu af þessum málum. „Við eigum mjög nána aðstandendur sem hafa farið mjög illa út úr þessu. Þannig að við þekkjum þennan sjúkdóm mjög vel af eigin raun. Ég held að maður fjalli best um það sem maður þekkir af eigin raun,“ seg- ir Guðmundur.

### Uppgjör?

„Já og nei. Þegar hún skrifaði fyrsta uppkastið kveikti þetta í mér í fyrsta lagi vegna þess að fléttan er mjög góð og í öðru lagi vegna þess að ég bjó með svona konu í sex ár. Þannig að mig langaði til að fjalla um þetta. Mig langaði strax til að leikstýra þessu og koma að þessu.“

### HELGA BRAGA DRAMATÍSK

Í verkinu leika Þorsteinn Bachmann, Elma Lís Gunnarsdóttir, Ásta Sighvats Ólafsdóttir og síðast en ekki síst Helga Braga Jónsdóttir. „Helga Braga sýnir á sér

nýja hlið í mjög dramatísku hlutverki offitusjúklings,“ segir Guðmundur og ætti það eitt ætti að freista fólks sem vill sjá sýninguna. Sjálfur er Guðmundur ungur og efnilegur leikstjóri sem er að stíga sín fyrstu skref hvað leikstjórn í atvinnuleik- húsi varðar. „Ég er að stíga mín önnur skref,“ segir Guðmundur en þetta er önn- ur sýningin sem hann leikstýrir í atvinnu- leikhúsi. Fyrri sýningin var Ég er ekki hommi en hún var sýnd í Loftkastalanum síðasta vetur.

### TÚLKA NÚTÍMANN GEGNUM LISTINA

Þau Guðmundur og Þórdísi hafa unnið mikið saman. „Við Þórdísi höfum gert allan andskotann. Ég lék í verki eftir hana í Hafnarfjarðarleikhúsinu sem heitir Brotið, svo vorum við saman í Annie, lékum þar þar. Svo erum við með þetta fyrirtæki okk- ar Fimbulvetur þannig að við erum mjög samstíga í þessu. Okkar áhugamál er eig- inlega að gera list sem hefur hreint og klárt með nútímann að gera. Gera ný verk sem eru um fólk í dag. Verk sem nota leikhúsið til þess að koma einhverjum alvöruboð- skap á framfæri.“

SHS

## ORKULINDIR ÁSDÍSAR

ÁSDÍS SPANÓ OPNAR Í GALLERÍ BOX Á MORGUN

10

„Ég er búin að vera að vinna að þessum verkum síðan í haust eða frá því í september,“ segir Ásdís Spanó sem opnar sýningu í Gallerí Box á Akureyri á morgun. Sýningin heitir „Orkulindir“ og stendur sýningin til 11. mars. Heitið á sýningunni er komið af því að hún hefur unnið svo mikið með jarðhitasvæði og núna eru þetta minni verk sem eru endurspeglun á orkulind- um eða uppsprettusvæðum. „Skilaboðin eru vissst áframhald af því sem ég hef verið að vinna að, ég hef verið að vinna svo

mikið á þessu sviði. Síðasta sýning hét „Við frostmark“ og var sama þæling en það var meira svona vetrarstemningin á þessu. Í þessu tilfelli er ég að vinna með minni myndir og vinn út frá því að þetta sé svona lítið verk eða lítil orkulind. Ég nota blandaða tækni á striga líkt og með hina sýninguna,“ segir Ásdís sem menntaði sig í Central Saint Martins College of Art and Design í Lundúnum og útskrifaðist úr Listaháskóla Íslands árið 2003.

ÁSDÍS SPANÓ OPN-AR SÝNINGUNA ORKULINDIR.





Málamynd ehf.

Fimbulvetur í samstarfi við Borgarleikhúsið kynnir **Hungur**,  
spennuleikrit eftir Þórdísi Elvu Þorvaldsdóttur Bachmann

ást • höfnun • sambönd • matur • ímynd • fíkn • fegurð • kynlíf • stjórnun • sjálfsagi • fullkomnun • hungur

# Hvað langar þig mest í?

Frumsýnt í Borgarleikhúsinu 18. febrúar  
Miðasala í síma 568 8000 eða  
á [www.borgarleikhus.is](http://www.borgarleikhus.is)  
Sjá upplýsingar á [www.hungur.com](http://www.hungur.com)

Leikendur: Helga Braga Jónsdóttir  
Elma Lía Gunnarsdóttir  
Þorsteinn Bachmann  
Ásta Sighvats Ólafsdóttir  
Leikstjóri: Guðmundur Ingi Þorvaldsson



BORGARLEIKHÚSIÐ



# HVERNIG?

## TÝPA Á HEIMA HÉR

SIRKUS RVK KÍKIR Í HEIMSÓKN

SIRKUS ER ALLTAF AÐ KÍKJA Í HEIMSÓKN TIL ÞJÓÐPEKKTRA EINSTAKLINGA OG LÁTA SVO AÐRA ÞJÓÐPEKKTA EINSTAKLINGA RÝNA Í MYNDRNAR. AÐ ÞESSU SINNI VAR ÞAÐ RÚNA STEFÁNSDÓTTIR SEM OPNAÐI DYRNAR FYRIR SIRKUS OG VAR ÞAÐ LEIKKONAN ARNBJÖRG HLÍF VALSDÓTTIR SEM REYNDI AÐ GISKA HVER BÝR ÞARNA.

### HERBERGI

Hér virðist búa einstætt foreldri. Ég myndi segja kona þó að herbergið sé fremur karlmannlegt þar sem lítið er lagt í það. Tölvu og gamla rakarastóllinn skipa stóran sess og skemmtilegan blæ. Þetta gæti þó líka verið unglingsherbergi og þarna búi hjón með börn en við fáum bara aldrei að sjá hjónaherbergið. En þetta herbergi hefur a.m.k. óútreiknanlegan blæ. Heimilislegt og vinnuvænt án allrar tilgerðar.



### BADHERBERGI

Lítið og krúttulegt, snyrtilegt og fallegt en ekkert of „móðern“. Nýjar flísar og gömul innrétting, glæsilegur og góður sturtuhaus sem bleytir mann alveg í gegn og svo rauð motta út úr kú til að lífga upp á! Frábært, þarna vildi ég fá að fara í sturtu. Greinilega skemmtilegt fólk sem á heima þarna. Þanill á einum vegg segir mér að þetta sé einhvers staðar miðsvæðis í Reykjavík. Skemmtileg blanda af öllu, rómantik og praktik... ekkert of „strict“ sem betur fer. Lífsgleði, hæfilegt kæruleysi og hlýja.



### BARNAHERBERGI

Hér býr greinilega lítil prinsessa. Bleikur litur ráðandi og allt fullt af leikföngum. Fjalir á gólfi segja mér að þetta sé í gömlu fallegu húsi svo og lofthæðin sem er nokkuð mikil.



ÞETTA SAGDI ARNBJÖRG



Í þetta sinn var Sirkus í Eurovision-skapi rétt eins og landinn. Af þessu tilefni ákváðum við að heilsa upp á Rúnu Stefánsdóttir sem mun taka þátt í Eurovision-keppninni núna á laugardagskvöldið. Rúna syngur lagið 100% ásamt rapparanum Brynjari Má en höfundur og textasmiður er Hörður G. Ólafsson. Rúna hefur búið í Skógargarði í fimm ár og féll gjörsamlega fyrir umhverfinu. Þetta er elsta húsið í hverfinu eða 70 ára gamalt. Hverfið er hlýlegt og rótgróið og um leið og hún skoðaði húsið andaði hún að sér yndislegri sál. „Ég er voðalega mikil svona Unika- og Tekkkompaní-manneskja, en ég fer líka í IKEA og annað slíkt, en það er aðallega antik hlýja stemingin sem ég er að reyna að ná fram,“ segir Rúna. „Kannski soldið spánskur stíll í bland við þetta rómantíska. Ég er ekki þessi manneskja sem er alltaf að versla heldur nota það sem ég á. Þess vegna eitthvað sem er tuttugu eða þrjátíu ára gamalt. Mér þykir vænt um allt sem ég á og hendi ekki einhverju því það er ekki í tísku. Ég finn hverjum hlut stað og þykir vænt um hann þar vegna þess að hann hefur eitthvert gildi fyrir mig. Þetta getur verið frá hverjum sem er, ég á til dæmis útskorinn ask sem ég fékk í fermingargjöf frá ömmu minni og mörgum þætti hrikalega asnalegur en þetta þykir mér vænt um og hef uppi við,“ segir Rúna sem er full tilhlökkunar fyrir keppninni sem verður haldin núna á laugardagskvöldið. 100% Rúna.

### FORSTOFA

Glæsileg forstofa eins og klippt út úr Bo Bedre. Fallegir litir á veggjum og lýsing fin. Massívar muðlur og elegance. Sú/ sá sem þarna býr hefur greinilega auga fyrir fegurð og hönnun og leggur upp úr því að gestir njóti þess.



### SETUSTOFAN

Enn er það svart og hvítt. Fallegt og huggulegt. Kertaljós og loðdyr. Flott loftljós og stofuborðið er mjög skemmtilegt. Áreiðanlega notalegt þarna í sófanum á síðkvöldum með litla loðdyrið í fanginu.



### LOKANIDURSTADA

Ef herbergið er ekki gestaherbergi myndi ég halda að þarna byggi einstæð kona um fertugt með litla stelpu. Líklega eru þær staðsettar í miðbæ eða vesturbæ Reykjavíkur. Þetta er fallegt og hlýtt heimili þar sem greinilega er unnið mikið við tölvur. Mikið er lagt upp úr því að hafa snyrtilegt og þægilegt í kringum heimilisfólkið og ekki er of mikið af óþarfa dóti og drasli sem venjulega bara þírrar menn. Virðist því vera fyrirmyndarheimili... Fágað og fallegt án þess að vera of stíft og „tipp topp“. Skemmtileg blanda af fullkomleika og kæruleysi. Örugglega gott að búa þarna. Má ég koma í kaffi og sturtu?

12

### STOFA

Virðist sem þetta sé sólskáli eða yfirbyggðar svalir af gluggunum að sjá. Þungt og glæsilegt leðursófasett, nýttiskunátt-úrúfisar á gólum og allt fullt af fallegum hlutum og ljósum og hilla á panilveg með gömlum persónulegum hlutum. Kona á milli fertugs og fimmtugs í frekar góðri stöðu.



FALLEGA INNRÖMMUÐ AUGU  
ALLT AÐ 5X MEIRA ÁBERANDI



**NÝR**


## MASTERPIECE MASCARA

Byltingarkenndur bursti  
sem þekur auðveldlega  
hvert og eitt augnhár  
jafnvel þau allra  
minnstu.

MAX FACTOR

THE MAKE-UP OF MAKE-UP ARTISTS

[www.medico.is](http://www.medico.is)



## ENDILEGA

Þingkonan Katrín Júlíusdóttir hefur svohljóðandi talhólfskveðju:

„Þetta er hjá Katrínu Júlíusdóttur. Ég er ekki við sem stendur en leggðu endilega eftir skilaboð og ég hef samband við fyrsta tækifæri.“

Þessi talhólfskveðja er mjög skýr og greinileg. Þú færð að vita hvað þú átt að gera og hvaða afleiðingar það mun hafa í för með sér – hún hefur samband við fyrsta tækifæri. Katrín er með jákvæðan þingkonutón í kveðjunni og biður fólk *endilega* að skilja eftir skilaboð. Þá líður þeim sem hringir ekki illa yfir því að hafa truflað. Það sem vantar þó í þessa kveðju er einn léttur brandari sem myndi óneitanlega brjóta hana aðeins upp og jafnvel skaffa Katrínu fleiri atkvæði.

★★★★☆

TALHÓLF FRÆGA FÓLKSINS...

# HJÖRTUR Á TRAFFIC KRUMMI Á SÓLON

SPURNINGAKEPPNI DYRAVARDA

ÞÁ ER KOMIÐ AÐ SEINNI UNÐANÚRSLITAVIÐUREIGNINI. Í ÞETTA SINN MÆTAST ÞEIR HJÖRTUR Á TRAFFIC OG KRUMMI Á SÓLON. SIGURVEGARINN MÆTIR SÍÐAN GUSSA Á OLIVER Í ÚRSLITUM SEM SIGRAÐI HAFFA Á PRIKINU Í MAGNAÐRI RIMMU Í FYRRI LIÐ UNÐANÚRSLITANNA.



### 1. HVORT ER MAGNÚS VER MAGNÚSSON AÐ AUSTAN EÐA VESTAN?

Hjörtur: Vestan.  
Krummi: Vestan.

### 2. HVAÐ HEITIR TROMMARI ROKKHLJÓMSVEITARINNAR MÖTLEY CRÛE SEM NÝLEGA KOM SAMAN AÐ NÝJU EFTIR LANGT HLÉ?

Hjörtur: Tommy Lee.  
Krummi: Tommy Lee.



### 3. HVERT VAR VIÐURNEFNI VICTORIU BECKHAMS Í SPICE GIRLS? A) GINGER SPICE B) COOL SPICE C) POSH SPICE EÐA D) OLD SPICE.

Hjörtur: Posh.  
Krummi: Posh.

### 4. HVERT ER EFTIRLÆTISORD ARNOLDS SCHWARZENEGGER Á ENSKRI TUNGU? (AÐ EIGIN SÓGN)? A) BEAUTIFUL B) FANTASTIC C) COOL EÐA D) GREAT

Hjörtur: Cool.  
Krummi: Fantastic.

### 5. Í HVADA STJÖRNUMERKI ER SÁ SEM ER FÆDDUR 6. APRÍL?

Hjörtur: Segjum Nautið.  
Krummi: Hróttur.

### 6. HVER ER UTANRÍKISRÁÐHERRA?

Hjörtur: Ég man það bara ekki.  
Krummi: Ég man það ekki.

### 7. ÞÆR EMILÍA, STEINUNN, ALMA OG KLARA MYNDA HLJÓMSVEITINA...?

Hjörtur: Nylon.  
Krummi: Nylon.

### 8. Í HVADA MENNTASKÓLA FÆDDIST PÖNKIÐ?

Hjörtur: Menntaskólanum við Sund.  
Krummi: MH.

### 9. TIL HVADA LANDS Á BUBBI MORTHENS ÆTTIR SÍNAR AÐ REKJA?

Hjörtur: Danmörk.  
Krummi: Danmerkur.

### 10. HVAÐA LIÐ VANN SUPER BOWL, ÚRSLITALEIKINN Í NFL?

Hjörtur: Pittsburg Steelers.  
Krummi: Pittsburg Steelers.



SKAKKAMANAGE

## FJÓRAR HLJÓMSVEITIR Í BERLÍN

Tónleikar með fjórum íslenskum hljómsveitum undir heitinu *Islandische Klugscheisser* verða í Berlín núna á laugardaginn. Þetta eru hljómsveitirnar Skakkamanage, Borko, Hudson Wayne og Seaber. Hljómsveitirnar spila ýmist á N.B.I. eða Zentrale Randlage, sem eru þekktir klúbbar í Berlínarborg. Þeir sem eru staddir úti eða hafa ekkert að gera um helgina drífið ykkur um leið í bestu helgarferð sem þið hafið farið í.

## SVÖR:

1. Austan
2. Tommy Lee
3. Posh Spice
4. Fantastic
5. Hróttur
6. Geir H. Haarde
7. Nylon
8. MK (Menntaskólanum í Kópavogi)
9. Danmerkur
10. Pittsburg Steelers



Það verður Krummy á Sólun sem mætir Gussa í úrslitum í næsta blaði. Krummy sigraði í þessari viðureign 7-5.

## HEIMASÍÐA VIKUNNAR

# SJÚKAR TEIKNIMYNDIR

Heimasíða vikunnar að þessu sinni er [www.sickanimation.com](http://www.sickanimation.com). Síða þessi inniheldur sjúkar teiknimyndir eins og nafnið gefur til kynna. Þær eru nánast allar mjög myndnar en um leið eru þær flestar frekar grófar. Það er því ekki við barna hæfi að fara inn á þessi ósköp og gera sér glaðan dag. Sjúkir, fullorðnir einstaklingar ættu þó að geta skemmt sér konunglega yfir þessari heimasíðu og svalað einhverjum sjúkum fýsnum um leið.



### TEIKNIMYNDIR SJÚKA FÓLKSINS.



SKEMMTILEGT ENGU AÐ SÍÐUR. HEIMASÍÐA VIKUNNAR.

## SIRKUSTVÍFARAR



REYNIR EGGERTSSON EUROVISION-SNILLINGUR.



DAFYDD ÍUR LITTLE BRITAIN.

Tvífarar vikunnar að þessu sinni eru alveg nauðalíkir. Þeir eru annars vegar Eurovision-sérfræðingurinn Reynir Eggertsson og hins vegar Dafydd Íur Little Britain. Þeir félagar eiga það sameiginlegt að vera báðir búttaðir og krúttlegir. Dafydd þykir einhver myndnasti karakter sem sést hefur í sjónvarpsþáttum. Þá þykir Reynir einnig sáemilega hnyttinn í spurningaþættinum *Tíminn líður hratt* sem er á dagskrá Sjónvarpsins. Þess má einnig til gamans geta, án þess að það skipti nokkru máli, að þeir Reynir og Dafydd eru báðir samkynhneigðir. Dafydd er eini hominn í sínu þorpi en Reynir er ekki eins utanveltu því aldrei hefur verið djúpt á Eurovision-hommum.



Fæst án  
lyfseðils

Við vöðva-  
og liðverkjum



**Voltaren Emulgel®**

Díklófenak tvíetýlamín 11,6 mg/g



FÓLKID MÆTT FERSKT Á FLUGVÖLLINN



ROBBI CRONIC MEÐ ALLT Á HREINU



GENGIÐ ÚT Í VÉL



ÞAÐ VAR STUÐ Í VÉL



SIGURVEGARI SLEDAKEPPINNAR



RAUÐI RENNIR FRAM ÚR



ÖRMAGNA EFTIR SLEDAFERÐ



HASAR



KOLB MEÐ FLIPPHÓ



REYKJAVÍK



LITE Á 'ÐÍ



Á LEIÐ AÐ ENDAMÖRKUM



Á HVOLFI Í SNJÓSKA



KOKKURINN GLÆSILEGI



SÆTAR OG FÍNAR

# DOTTAÐ Í

**É**g heyrði af því snemma í síðustu viku að Ölgerðin væri að fara með hóp fólks norður á Akureyri til þess að detta í það frítt og sprella eitthvað. Fyrstu viðbrögð blaðamannsins voru að sjálfsgöðu þau að heimta að fá að fara með og mynda líðið blindfullt og skrifa um það. Það gekk eftir. Ég var boðaður út á Reykjavíkflugvöll klukkan 9.30 á laugardagsmorgun.



SÓLEY OG LOGI



GELLUÐRÍHYRNINGUR



PARTÍ

## LANDSLIÐIÐ Í DJAMMI

Þegar ég kom í flugstöðina var hún full af fólki sem ég vissi ekki hvað heitir en hafði séð áður – á djammínu. Þetta var því nokkurs konar landslið Íslands í djammi sem þarna var mætt í bland við nýliða og nokkrar kempur sem hafa róast og jafnvel snúið sér að þjálfun í djammi. Þetta var líka öll flóran. Allt frá hnökkum til trefla. Robbi Cronic var hlekkurinn milli hnakka og trefla og var með yfirhöndina, enda sá hann um allt skipulag. Robbi er mikill leiðtogi og væri flottur sem hershöfvingi. Maður hefði allt eins getað verið að fara með bandaríska hernum til Íraks til þess að sparka í punginn á fróskum unglingum.

## AFRÉTTARI Í RÚTUNNI

Djammarnir týndust inn á flugstöðina einn af öðrum þar til komið var að

því að hunsast út í vél og fljúga til Akureyrar. Færðin var fín yfir fjöll og dali og áður en nokkur vissi af var komið að því að lenda á höfuðstað Norðurlands. Þrýðisflug og landing. Fólk tók föggur sínar og beið eftir rútnunni. Með rútnubílnum kom búsið – án endurgjalds. Byrjað var á því að sturta Lite og Smirnoff Ice í líðið sem flest var enn að glíma við timburmenn gærdagsins. Áfengið var því vel þegið.

## HÓPURINN RANNSAKAÐUR ÚR FJARLÆGÐ

Af flugvöllinum var brunað upp á Hótel Norðurland þar sem herbergjum var úthlutað til fólks. Ég ákvað að kanna hvort möguleiki væri á því að ég fengi að vera einn í herbergi. Svona til þess að geta fylgst með hópnum úr fjarlægð – David Attenborough er alltaf í vissri fjarlægð frá þeim lífverum sem hann kannar. Ég hefði ekki getað rannsakað hópinn úr meiri fjarlægð því ég var settur í herbergi í húsi sem var á mótí hótelineu og þar átti ég að dvelja einn en gat þó fylgst með restinni sem var hinum megin við götuna.

## BRJÓST Í GLUGGA

Þegar ég hafði komið mér sæmilega fyrir varð mér lítið út um glugga herbergisins sem

ég var í. Ég renni augunum framhá glugga á þriðju hæð hússins á mótí og sé þar nokkrar stelpuskjátur sem benda á gluggann minn og hlæja. Það skiptir engum togum að ein þeirra gerir sér lítið fyrir og flettir upp bolnum og klínir túttunum á sér í gluggann. Þottþétt með silfkon þessi. Í sömu andrá heyrir ég kallað á mig utan af gangi. Þá var Ásgeir Kolbeinz mættur í herbergið á mótí þar sem hann ætlaði að dvelja.

## RAUÐI TURNINN RÚSTAÐI SNJÓÞOTUKEPPNI

Þá var komið að því að fólkið myndi rífa sig upp á rassgatinu og koma sér út í rútu og

bruna upp í Hlíðarfjall. Þar beið eftir okkur ennþá meira áfengi og snittur. Paulskipulögð dagskrá í vændum. Allir skelltu sér í stólalýftuna sem ferjaði mannskapinn upp í fjallaskála í brekkunni en þar átti dagskráin að fara fram. Flestir voru vel til fara nema nokkrar stelpur sem létu það ekki stoppa sig að vera á háum hælum. Í fjallinu var mikið drukkið og tekið þátt í ýmsum þrautum. Ber þar helst að nefna snjóþotukeppni sem Rauði turninn (Ásgeir Kolbeins) rústaði.

## ANNAN BRJÓSTASJÓV

Eftir skemmtilegan dag í fjallinu var kom-



SÆTAR SYSTUR





LANDSLIÐSMYNDATAKA



SKÁLINN



HJALTI, ROBBÍ OG DÓRI



JOHNNY



BRYNJA OG LINDA



ROBBÍ FÍRAR MÆKINN



EINKENNANDI MYND



CRONIC OG FÖNKARINN



HAUKUR VEÐUR Í DÖMUM



SUMIR NENNTU EKKI Í STÓLALYFTUNNI



KEPPT TIL SIGURS



MAGGA

# ÞAÐ Á AKUREYRI



UNDRUN



GLEÐI

SIRKUS RVK NEYTIR ÁFENGIS ENDRUM OG SINNUM. HANN FYLGIST LÍKA VEL MEÐ NÆTURLÍFINU Í REYKJAVÍK. ÞAÐ ER ÞÓ NAUÐSYNLEGT AÐ KÍKJA STUNDUM ÚT FYRIR BOXIÐ OG ÞAÐ GERÐI SIRKUS UM HELGINA ÞEGAR BLAÐAMAÐUR BLAÐSINS BRÁ SÉR NORÐUR Á AKUREYRI ÁSAMT LANDSLIÐI ÍSLANDS Í DJAMMI.

SIRKUSMYNDIR – SÓLI HÓLM



LOGI, GUNNI OG ÁRNI



SAMSTARFIÐ ERFITT



SIGGI MED SINNI

ið að því að bruna niður í þorpið. Allir fengu tvo tíma til þess að gera sig klára fyrir kvöldverð sem fram fór í Ketilshúsi. Ég og Ásgeir Kolbeins, eða Kolb eins og ég hef kosið að kalla hann að fordæmi Gillzeneggers, fengum annað brjóstasjón frá stelpunni á þriðju hæðinni. Til hvers var hún að sýna okkur brjóstin á sér? Hver það hana um það? Ég reif í myndavélina til þess að eiga sannanir fyrir þessu brjóstasjóni en þá brást linsan. Hún dró ekki nógu langt.

## STURTAÐ Í SIG STERKU

Við Kolb gerðum okkur klára fyrir kvöld-

verð í Ketilshúsi og röltum þangað í sameiningu. Þangað týndist fólkið smám saman og loks var komið að matnum sem var eldaður af miklum snilldarkokki. Að sjálfsgöðu var boðið upp á meira áfengi þar. Rosemount-rauðvín að hætti hússins. Þegar fólk var svo komið með leið á rauðvíninu var komið með þetta sterka – Smirnoff og Tanguray-gín. Djamm landsliðið lét ekki sitt eftir liggja og ekki undirritaður heldur. Það var dreypt á veigunum.

## ÞYNNRI Í DAG EN Í GÆR

Kvöldið leið þangað til komið var að

því að færa sig um set. Leiðin lá á Café Amor sem er einn heitasti staður Norðurlands. Þá var kominn tími til að losa sig við myndavélina og einbeita sér að skemmtanálfinu. Seinna lá leiðin á ball með Skítamóral í Sjallanum og svo voru staðir bæjarins þræddir einn af öðrum. Morguninn eftir var ekki eins glatt yfir fólki og daginn áður eins og oft vill verða eftir góða kvöldstund. Allir fóru þó sáttir heim þó svo að þeir kæmu þynnri til baka en þeir voru þegar þeir fóru.

Sólmundur Hólm



GLEÐI



LANDSLIÐSMYNDATAKA



SKÁLINN



HJALTI, ROBBI OG DÓRI



JOHNNY



BRYNJA OG LINDA



ROBBÍ FÍRAR MÆKINN



EINKENNANDI MYND



CRONIC OG FÖNKARINN



HAUKUR VEÐUR Í DÖMUM



SUMIR NENNTU EKKI Í STÓLALYFTUNNI



KEPPT TIL SIGURS



MAGGA

# ÞAÐ Á AKUREYRI



UNDRUN



GLEÐI

SIRKUS RVK NEYTIR ÁFENGIS ENDRUM OG SINNUM. HANN FYLGIST LÍKA VEL MEÐ NÆTURLÍFINU Í REYKJAVÍK. ÞAÐ ER ÞÓ NAUÐSYNLEGT AÐ KÍKJA STUNDUM ÚT FYRIR BOXIÐ OG ÞAÐ GERÐI SIRKUS UM HELGINA ÞEGAR BLAÐAMAÐUR BLAÐSINS BRÁ SÉR NORÐUR Á AKUREYRI ÁSAMT LANDSLIÐI ÍSLANDS Í DJAMMI.

SIRKUSMYNDIR – SÓLI HÓLM



LOGI, GUNNI OG ÁRNI



SAMSTARFIÐ ERFITT



SIGGI MEÐ SINNI

íð að því að bruna niður í þorpið. Allir fengu tvo tíma til þess að gera sig klára fyrir kvöldverð sem fram fór í Ketilshúsi. Ég og Ásgeir Kolbeins, eða Kolb eins og ég hef kosið að kalla hann að fordæmi Gillzeneggers, fengum annað brjóstasjón frá stelpunni á þriðju hæðinni. Til hvers var hún að sýna okkur brjóstin á sér? Hver bað hana um það? Ég reif í myndavélina til þess að eiga sannanir fyrir þessu brjóstasjóvi en þá brást linsan. Hún dró ekki nógu langt.

### STURTAD Í SIG STERKU

Við Kolb gerðum okkur klára fyrir kvöld-

verð í Ketilshúsi og röltum þangað í sameiningu. Þangað týndist fólkið smám saman og loks var komið að matnum sem var eldaður af miklum snilldarkokki. Að sjálfsögðu var boðið upp á meira áfengi þar. Rosemount-rauðvín að hætti hússins. Þegar fólk var svo komið með leið á rauðvíninu var komið með þetta sterka – Smirnoff og Tanguray-gin. Djamm landsliðið lét ekki sitt eftir liggja og ekki undirritaður heldur. Það var dreypt á veigunum.

### ÞYNNRI Í DAG EN Í GÆR

Kvöldið leið þangað til komið var að

því að færa sig um set. Leiðin lá á Café Amor sem er einn heitasti staður Norðurlands. Þá var kominn tími til að losa sig við myndavélina og einbeita sér að skemmtanálfinu. Seinna lá leiðin á ball með Skítamóral í Sjallanum og svo voru staðir bæjarins þræddir einn af öðrum. Morguninn eftir var ekki eins glatt yfir fólki og daginn áður eins og oft vill verða eftir góða kvöldstund. Allir fóru þó sáttir heim þó svo að þeir kæmu þynnri til baka en þeir voru þegar þeir fóru.

Sólmundur Hólm



GLEÐI

LAUFY OG HILMAR JÓNSSON Í HLUTVERKUM SÍNUM Í MYNDINI.



LAUFY ELÍASDÓTTIR FER MEÐ EITT AF AÐALHLUTVERKUNUM Í KVIKMYND- INNI BLÓÐBÖND.

LAUFY ELÍASDÓTTIR FER MEÐ EITT AF AÐALHLUTVERKUNUM Í KVIKMYND- INNI BLÓÐBÖND SEM FRUMSÝND VERÐUR AÐ VIKU LIÐ- INNI Í HÁSKÓLABÍÓI. BLÓÐ- BÖND ER FRUMRAUN ÞESS- ARAR 27 ÁRA HAFNAR- FJARÐARMEYJAR Á HVÍTA TJALDINU. SIRKUS RVK TÓK LAUFYJU TALI OG RÆDDI STUTTLEGA VIÐ HANA UM MYNDINA.

# ÓÞÆGILEGT AÐ FÁ MIKIÐ HRÓS

SIRKUS MYND – GVA

„Þetta var mjög skemmtilegt. Ég er ekki með neinn rosailegan hnút fyrir frumsýninguna því ég er svo heppin að vera búin að sjá myndina. Þannig að ég er búin að klára stresspakkann,“ segir Laufey Elíasdóttir leikkona sem fer með eitt af aðalhlutverkunum í kvikmyndinni Blóðbönd. Myndin verður frumsýnd í Háskólabíói á föstudaginn eftir viku, þann 24. febrúar.

„Í stuttu máli þá leik ég Önnu sem vinnur hjá Péttri augnlækni (aðalpersónu myndarinnar). Hún dregst síðan inn í líf hans þegar hann kemst að því að sonur sem hann taldi sig eiga, var í raun og veru ekki sonur hans. Svo byrja þau að slá sér eitthvað saman,“ segir Laufey, sem lærði leiklist vestanhafs, um persónuna sem hún leikur í myndinni. Auk Laufeyjar fara þau Hilmar Jónsson, Margrét Vilhjálmsdóttir og Ólafur Darri Ólafsson einnig með stór hlutverk.

## FJÖLSKYLDUBÖND

Í kvikmyndinni leikur Laufey ásamt systur sinni Sóleyju sem fer með smærri hlutverk. Auk þess skrifar unnusti hennar, Jón

Atli Jónasson, handrit myndarinnar ásamt Denijal Hasanovic og Árna Ólafi Ágústssyni leikstjóra.

En hvernig er að vinna með kærastanum? „Það reyndi bara ekkert á það. Hann var ekkert að skipta sér af þannig. Hann lét mig bara alveg vera.“

## ÓÞÆGILEGT AÐ FÁ MIKIÐ HRÓS

Laufey óttast ekki gagnrýni fyrir leik sinn í þessari frumraun sinni og af tóninum í röddinni að dæma virðist henni alveg sama. „Ég er búin að fá komment frá leikstjóranum og það var bara mjög ánægjulegt. En annars finnst mér óþægilegt að fá mikið hrós. En það er þó miklu betra en hitt,“ segir Laufey hlæjandi.

Þessa dagana er Laufey að æfa fyrir leiksýninguna Hundrað ára hús, sem frumsýnd verður í Nauthólsvík í aprílmánuði. Laufey er í frí frá námi í Listaháskólanum þar sem hún nemur fræði og framkvæmd við leiklistardeild.

HH



## HLUTIR SEM ÞÚ ÁTT EKKI AÐ GEFA KONUNNI

KONUDAGURINN ER Á SUNNUDAGINN



### SVITALYKTAREYÐIR

Getur alveg eins hent henni í sturtu.



### PLASMASJÓNVARP

Það er gjöf handa þér en ekki henni.



### VEIÐIGRÆJUR

Hvað hefur konan þín að gera við skotveiðigalla?



### RISABLÓM VÖNDUR

Þá heldur hún að þú hafir verið að halda framhjá.



### AFSTEYPA AF RÆÐRI JOHN HOLMES

Eftir það kitlar þinn bara.

## UMSLAGIÐ ENDURSPEGLAR HLJÓMSVEITINA

RÓSA HRUND KRISTJÁNSDÓTTIR FÉKK HÖNNUNARVERÐLAUN FÍT FYRIR PLÖTUUMSLAGIÐ Á NÝJUSTU PLÖTU TRABANTS, EMOTIONAL.

Hugmyndin að umslagi plötunnar var fyrst og fremst að reyna endurspeglar hljómsveitina. Það er mjög gaman að vinna með Trabant. Þeir hafa allir sinn sjarma,“ segir Rósa Hrund Kristjánsdóttir sem hlaut á dögunum hönnunarverðlaun Félags íslenskra teiknara fyrir plötuumslagið á nýjustu plötu Trabants, Emotional.

„Þegar fólk opnar umslagið, sem virkar frekar venjulegt að framan, á það að upplifa það sem það upplifir á tónleikum með Trabant, eitthvað óvænt og einhver geðveiki. Inni í umslaginu opnast upp harmonikka þar sem diskurinn er. Og inni í harmonikkunni eru faldar myndir af þeim Trabant-mönnum á tónleikum,“ segir Rósa Hrund sem útskrifaðist sem grafískur hönnuður árið 2004 frá Listaháskóla Íslands.

„Svona verðlaun eru fyrst og fremst skemmtileg. Ég held að þau hafi enga ofboðslega þýðingu þannig,“ segir Rósa Hrund, sem 25 ára Reykvikingur og KR-ingur.

Rósa Hrund starfar hjá auglýsingastofunni Hvíta húsinu. En hvaðan kemur áhuginn á grafískri hönnun? „Ég er hálfpartinn alin upp í prentsmíðju, ætli áhuginn hafi ekki kviknað þar?“ Þessa dagana vinnur hún hörðum höndum við betrubætur á sama diskum sem kemur út í Bretlandi fljótlega.

18





Ertu tímabundin/nn?

Við *sækjum* bara bílinn!

• Dekk • Bón og þvottur • Smurþjónusta • Bremsuklossaskipti • Peruskipti  
• Rúðupurkublöð • Rafgeymar • Dekkjahótel • Sækjum og sendum

**-20%**  
*afsláttur*

af heilsárs -og vetrardekkjum

**-25%**  
*afsláttur*

af vinnu við smur

 Vaxtalausar léttgreiðslur!

**BÍLKÓ** - **Betri verð!**  
*bilko.is*

Smiðjuvegi 34 | Rauð gata | bilko.is | Sími 557-9110

GOÐSÖGNIN WILLIE NELSON SENDI NÝVERIÐ FRÁ SÉR FYRSTA KÁNTRÍ-LAGIÐ SEM FJALLAR UM ÁST SAMKYNHNEIGÐRA KARLMANNA. LAGIÐ KEMUR Í KJÖLFARIÐ Á KVÍKMYNDINNI BROKEBACK MOUNTAIN SEM TALIN ER EIGA SIGURINN VÍSAN Á ÓSKARSVERÐLAUNAHÁTÍÐINI SEM FRAM FER Í NÆSTA MÁNUÐI. HINIR ÍSLENSKU BAGGALÚTSMENN Hafa SAMIÐ TEXTA UM TVÖ ROSALEGA GÓÐA VINI SEM ERU VÆNTANLEGA MEIRA EN BARA GÓÐIR VINIR.



BAGGALÚTUR Á TÓNLEIKUM Á Nasa fyrr í vetur

# LOKSINS ÍSLENSKT HOMMAKÚREKALAG



WILLIE NELSON HEFUR SENT FRÁ SÉR LAG SEM FJALLAR UM SAMKYNHNEIGÐA KÚREKA.



HALLBJÖRN! ÁNÆGÐUR MEÐ NELSON EN ER ALVEG HÆTTUR AÐ SKEMMTA OG SPILA.

„Ég er svo sem ekkert svo viss um að þetta sé fyrsta lagið hans Willies Nelson sem fjallar um homma. Ég held hins vegar að þetta sé alveg hið besta mál,“ segir Bragi Valdimar Skúlason, Baggalútsmaður. Þeir félagar gáfu út mjög vandaða kántrí-plötu síðastliðið sumar sem hlotið hefur mikið lof gagnrýnenda. Baggalútsmenn eru af sérfræðingum taldnir ókrýndir konungar íslenskrar kántrí-tónlistar.

Við erum búinir að gera texta við lag sem gæti alveg verið titillagið í Brokeback Mountain eða slíkrri mynd. En mennirnir í okkar texta eru bara tveir skemmtilegir vinir,“ segir söngvarinn og gefur til kynna að fyrsta íslenska hommakúrekalagið sé loksins í bígerð. Björn Valdimar skrifaði á dögnum ansi skemmtilegan dóm um myndina sem óhætt er að mæla með.

## HAWAII-PLATA Á LEIÐINI

Baggalútur setur stefnuna á að gefa út nýja plötu nú í sumar en meðlimir hafa ákveðið að söðla um í tónlistarstefnu sinni. „Það verður ákveðið strandþema á næstu plötu. Svona smá Hawaii-gleði. Kántrí-tónlistarmenn hafa alltaf haft óbeitt á þessu Hawaii-dæmi. Því höfum við ákveðið að snúa okkur að því. Það verður líka mikið sumar á þessari eins og gefur að skilja,“ sagði Baggalúturinn að lokum.

## HALLBJÖRN ÁNÆGÐUR MEÐ NELSON

Það er ekki hægt að ræða um kántrí-tónlist án þess að ræða við Hallbjörn Hjartarson, manninn sem flutti fagnaðarerindið hingað til Íslands. „Það er öllum frjálst að gera það sem þeir vilja í þessum heimi. Og því finnst mér þetta framtak Willies Nelson mjög jákvætt,“ segir Hallbjörn sem aldrei samdi sjálfur lag um samkynhneigða kúreka.

En hvað finnst þér um íslenskt kántrí eins og Baggalút til dæmis? „Þeir eru mjög góðir. En þeir mættu þó spila meira ekta kántrí í lögum sínum. En annars hefur tónlistin breyst svo ofboðslega frá því ég var upp á mitt besta,“ segir kúreki norðursins sem hefur ekki komið fram síðan árið 2002 og er kominn í algjört frí frá tónlistinni.



SÆTI	FLYTJANDI	LAG
1.	System Of A Down	Lonely Day
2.	Dikta	Breaking The Waves
3.	Shinedown	Save Me
4.	Matsyahu	King Without a Crown
5.	Nine Inch Nails	Every Day is Exactly...
6.	Dr. Mister & Mr. Hands...	Kokaloca
7.	Fræ	Fréðinn Fáviti
8.	Richard Ashcroft	Break The Night With...
9.	Dead Sea Apple	Bearer Of Bad News
10.	Children Of Bodom	Oops, I Did It Again
11.	Bloc Party	Helicopter
12.	Ampop	Clown
13.	Nílfisk	On Display
14.	Avenged Sevenfold	Bat Country
15.	Vax	Vor Hair Is Stupid
16.	Singapore Sling	Saul
17.	Weezer	Perfect Situation
18.	Reykjavík!	7 9 13
19.	Jeff Who?	Barfly
20.	Úlpa	Sexy Dick

SYSTEM OF A DOWN ERU Á TOPPNUM.



SÆTI	FLYTJANDI	LAG
1.	Kelly Clarkson	Gone
2.	Lifhouse	Blind
3.	Mary J. Blidge	One
4.	White Stripes	My Doorbell
5.	Eminem / Nate Dogg	Shake That
6.	Daniel Powder	Free Loop
7.	James Blunt	Goodbye My Lover
8.	Neyo	So Sick
9.	Rihanna	If It's Lovin That You...
10.	Fall Out Boy	Sugar, Were Going...
11.	Chris Brown	Run It
12.	Beyonce Knowles	Check On It
13.	Staind	Right Here
14.	Darren Hayes	So Beautiful
15.	Ryan Cabrera	Photo
16.	Eminem	When Im Gone
17.	Fort Minor	Believe Me
18.	Ampop	My Dellusions
19.	All American Reject	Dirty Little Secret
20.	Silvía Nótt	Til hamingju Ísland

KELLY Á TOPPNUM.



# ELEKTRÓ RAFGEÐVEIKI

LISTAMAÐURINN BEATMAKIN TROOPA GEFUR ÚT VÍNYPLOTU Í DAG SEM AÐEINS VERÐUR SELD Í HUNDRAÐ EINTÖKUM

Tónlistarmaðurinn Beatmakin Troopa hefur sent frá sér vinyplötuna Surprise Visit, en platan verður eingöngu seld í Nakta apanum á Laugarvegi.

„Það er nánast búið að panta þetta allt saman en það verða vonandi tuttugu af þessum hundrað til sölu í Nakta apanum,“ segir Beatmakin Troopa sem gaf út vinyplötuna Peaceful Thinkin síðastliðið sumar.

En af hverju aðeins hundrað eintök í sölu og hvers vegna bara í Nakta apanum? „Mér finnst það bara mjög töff að hafa þetta í takmörkuðu upplagi. Þessi plata er bara gull. Ég man þegar maður var yngri þá þótti manni gaman að fá eitthvað svona spes. Ég sel þetta í Nakta apanum af því að vinkona mín er með búðina og það er hellingur af góðri tónlist þarna hjá henni.

Þessi plata, Surprise Visit, er eins og svart og hvítt miðað við þá síðustu. Það er mun meiri vetur á þessari plötu. Hún er mjög drungaleg, svona elektró rafgeðveiki. Það er best að lýsa henni þannig,“ segir Troopa. Stefnan er að halda eina eða tvö tónleika til að fylgja þessu eitthvað eftir. Annars er hellingur í gangi. Líklega gef ég út tvær vinyplötur nú í sumar.“



BEATMAKIN TROOPA GEFUR ÚT SURPRISE VISIT Á VÍNUL.

# **Rauðvínsflaskan á aðeins kr. 375 !**

## **Verðdæmi á Cabernet Sauvignon:**

### **ÁTVR**

1 flaska (750 ml) kr. 1.190.-

### **Áman Reykjavík**

Cabernet Sauvignon frá BIN49

16 lítra vínprúga + flöskur, tappar, miðar, hettur

Kr. 7.990 = 30 flöskur 750 ml = 1 flaska á kr. 375.-

### **Áman Hafnarfirði**

Cabernet Sauvignon frá WineArt

5,2 lítra vínprúga + flöskur, tappar, miðar, hettur

Kr. 4.990 = 30 flöskur 750 ml = 1 flaska á kr. 288.-

**Cabernet Sauvignon** er mjúkt, bragðdjúpt og kraftmikið vín með fínlegu berjabragði. Cabernet vínin frá Kaliforníu eru talin þau bestu í heimi fyrir utan Bordeaux. Þetta er eðal vín, nokkuð dökkt og hentar vel með góðri steik og öðrum kraftmiklum kjötréttum.

- **Hágæða víngerðarefni**
- **Einfalt**
- **Ódýrt**

**Heimsækið verslanir okkar þar sem allar upplýsingar um heimavíngerð eru veittar.**

# **áman**

**Skeifunni 11d - 108 Reykjavík - Sími: 533-1020 • Reykjavíkurvegi 64  
220 Hafnarfirði - Sími: 533-3070 • [www.aman.is](http://www.aman.is)**

HELGI, SKÓR: EINKAEIGN,  
JAKKI: GYLLTI KÖTTURINN  
5.800, BUXUR: RETRÓ 10.900,  
BOLUR: EINKAEIGN.



# GÓ

# GETTÓ



ÍRIS TARA, PEYSA: NAKED APE-ÁSI, BUXUR: RETRÓ 6.900, SKÓR: EINKAEIGN.  
HELGI, SKÓR: EINKAEIGN, BUXUR: RETRÓ 10.900,  
PEYSA: GYLLTI KÖTTURINN 2.300, VESTI: SPÚTNIK, KÍLÓMARKAÐUR.  
ALEXANDRA ÁSTA, JAKKI: GYLLTI KÖTTURINN 2.300,  
BUXUR: GYLLTI KÖTTURINN/JÚNIFORM: 7.800, SKÓR: EINKAEIGN.



# 22

ALEXANDRA ÁSTA, PEYSA: GYLLTI  
KÖTTURINN 6.800, LEGGINGS:  
RETRÓ 3.900, SKÓR: GYLLTI  
KÖTTURINN, 7.800.



ALEXANDRA ÁSTA, PEYSA: RETRÓ  
8900.-, LEGGINGS: GYLLTI KÖTT-  
URINN 2500.-, SKÓR: EINKAEIGN.  
ÍRIS TARA, SKÓR: EINKAEIGN,  
BUXUR: RETRÓ 6.900.-, PEYSA:  
SPÚTNIK, KÍLÓMARKAÐUR,  
BELTI: GYLLTI KÖTTURINN 2800.-.



ÍRIS TARA, BUXUR:  
NAKED APE/BEAUTY,  
SKÓR: GYLLTI KÖTT-  
URINN 6.800,  
PEYSA: RETRÓ  
9.900,  
HETTUBOLUR:  
NAKED APE 4.000.

HELGI, VESTI: SPÚTNIK, KÍLÓMARKAÐUR, BUXUR: RETRÓ 10.900, SKÓR: EINKAEIGN,  
BOLUR: SPÚTNIK, KÍLÓMARKAÐUR, KLÚTUR: GYLLTI KÖTTURINN 500.  
ÍRIS TARA, PEYSA: GYLLTI KÖTTURINN 7.800, SKÓR: EINKAEIGN,  
KJÓLL: SPÚTNIK, KÍLÓMARKAÐUR, BUXUR: GYLLTI KÖTTURINN 3.200, HÁRSKRAUT:  
GYLLTI KÖTTURINN 480, ALEXANDRA ÁSTA, LEGGINGS: GYLLTI KÖTTURINN 2.500,  
SKÓR: EINKAEIGN, PEYSA: SPÚTNIK, KÍLÓMARKAÐUR, BOLUR: SPÚTNIK, KÍLÓMARKAÐUR.



HELGI, SKÓR:  
EINKAEIGN, BUXUR:  
GYLLTI KÖTTURINN  
3.200, JAKKI: GYLLTI  
KÖTTURINN 4.800.

SIRKUS ER ÁVALLT VEL AÐ SÉR  
HVAÐ VARÐAR TÍSKU OG VIÐ  
REYNUM AÐ SÝNA HIN ÝMSU  
ANDLIT TÍSKUNNAR. NÚ ER  
NÓG KOMIÐ AF KJÓLUM OG  
FÍNUM VEISLUM, AÐ MINNSTA  
KOSTI Í BILI. AÐ ÞESSU SINNI  
DRIFUM VIÐ OKKUR NIÐUR Í  
101 ÞAR SEM ÁVALLT ER MIK-  
IÐ OG FJÖLSKRÚÐUGT MANN-  
LÍF. KRAKKAR Í DAG GETA TJÁÐ  
SIG Í GEGNUM FATNAÐ OG ER  
ÞESSI HÓPUR SVO SANNAR-  
LEGA TIL MARKS UM ÞAÐ.



# BJÖRK LÍKIST BJÖRK OG DORRIT CHRISTINU AGULEIRA

VEFSÍÐAN, WWW.MYHERITAGE.COM ER EIN AF ÞEIM SKEMMTILEGRI SEM FYRIRFINNAST Á VERALDARVEFNUM. SÍÐAN GENGUR ÚT Á AÐ LÁTA MYND AF ANDLITI SÍNU, VINAR EÐA BARA EINHVERS OG ATHUGA HVORT VIÐKOMANDI SÉ LÍKUR EINHVERJUM FRÆGUM. ÁÐUR HAFU SLÍKAR SÍÐUR VERIÐ STARFRÆKTAR Á NETINU EN ÞESSI KU VERA NÁKVÆMARI EN ÞÆR SEM Á UNÐAN VORU. EINHVERS KONAR SKANNI Á VEFSÍÐUNNI MÆLIR NÁKVÆMA STÆRÐ KINNBEINA, NEFS, VARA OG FLEIRA. SVO ER FUNDIÐ ÚT HVAÐA FRÆGRI MANNESKJU VIÐKOMANDI LÍKIST OG AÐ HVE MIKLU LEYTI Í PRÓSENTUM TALIÐ. SIRKUS RVK LÉT REYNA Á SÍÐUNA OG ATHUGA HVAÐA FRÆGA FÓLK ÚTI Í HINUM STÓRA HEIMI LÍKIST ÍSLENSKUM „CELEBUM“. MARGT ATHYGLISVERT KOM Í LJÓS, ÞEIR ÞORVALDUR DAVÍÐ OG GILLZENEGGER VORU HELST LÍKIR KONUM OG EINHVER SVIPUR ER VÍST MEÐ ÞEIM CHELSEA CLINTON OG UNNI BIRNU ALHEIMSFEGURÐARDROTNINGU.



# TYGGA PATAI

MEÐ  
AUDDA

LEIKSTJÓRN: SIGGI SIGURJÓNS



NASA VIÐ AUSTURVÖLL

FORSALA ER HAFIN Í VERSLUNUM  
SKÍFUNNAR OG Á [midi.is](http://midi.is)

# Sódoma Reykjavík

SÓDÓMA REYKJAVÍK ER PRÓGRAMM SIRKUSS RVK. FYRIR NÆSTU DAGA. FYLGDU ÞVÍ Á LEIÐINI TIL BÆTTRAR HEILSU. SENDU OKKUR PÓST MEÐ ÁBENDINGUM UM BRÁÐNAUÐSYNLEGA ATBURÐI NÆSTU HELGAR Á SODOMA@365.IS

## ÞAÐ BESTA HJÁ SIRKUSFJÖLSKYLDUNNI

SIRKUS

Þriðjudag kl. 22.30

### YFIRNÁTTÚRULEGUR HRYLLINGUR

Í vikunni hóf göngu sína ný spennu- og hryllingsþáttaröð sem ber nafnið Supernatural, eða Yfirnáttúrulegt. Þættirnir hafa notið þónokkurra vinsælda í Bandaríkjunum. Það eru þeir Jared Padalecki og Jensen Ackles sem fara með aðalhlutverk þáttanna. Padalecki er þekktastur fyrir hlutverk sitt í þáttaröðinni Gilmore Girls. Ackles er þekktastur fyrir hlutverk sitt í þáttaröðinni Smallville.

Þættirnir fjalla um bræðurna Sam og Dean Winchester. Örlagaríka kvöldstund þegar Dean var mjög ungur og Sam aðeins ungur, gerðust skelfilegir hlutir. Illur andi réðst inn á heimili þeirra og tók mömmu drengjanna. Eftir það varð faðir þeirra heltekinn af því að finna hið illa sem hafði tekið eiginkonu hans og barnsmóður. Bræðurnir eru því aldir upp við það að vinna gegn hinu illa í heiminum hvort sem það er að hrekja burtu drauga eða berjast við aðra illsku. Sam vill ekkert með þetta líf hafa og vill lifa sínu eigin lífi. Hann yfirgefur fjölskyldubransann og fer í háskóla. Dean hins vegar stendur með þeim gamla og heldur áfram að berjast við ill öfl.



HINIR GOÐSAGNAKENNDU

SIRKUS

## X-FILES AFTUR Í IMBAKASSANN

Það eru margir búnir að bíða eftir þessari stundu en eins og sannir aðdáendur vita hófust endursýningar á X-files þáttunum í gær klukkan 22.30 á sjónvarpsstöðinni Sirkus.

Þættirnir hófu göngu sína árið 1993 og voru sýndir alveg fram til 2002. Stjórnur þáttarins eru þau Fox Mulder og Dana Scully sem rannsaka dularfull mál sem reynast oft yfirnáttúruleg.

Eins og fram kom hér á undan voru þættirnir upphaflega sýndir á árunum 1993 til 2002 og árið 1998 kom út kvikmynd sem gerð var upp úr þáttunum. Aðalleikarar þáttanna ættu að vera öllum kunnir en það eru skötuhrjúin David Duchovny (Fox Mulder) og Gillian Anderson (Dana Scully). The X-files var líkt við sjónvarpsþætti á borð við The Outer Limits, The Twilight Zone og hina geysivinsælu Twin Peaks. X-files þættirnir þykja af mörgum bestu sjónvarpsþættir veraldar.

The X-files nutu ótrúlegra vinsælda og urðu til fylkingar af aðdáendum sem kölluðu sig „eXcers“. Setningin „The Truth is Out There,“ varð að algengu slangri meðal unglunga. Þættirnir eru ýmist um geimverur eða ýmis samsæri og kallast þeir af aðdáendum „Mytharc-þættir“ en hinir eru „skrímslaþættir,“ sem eru um hinar ýmsu dularfullu verur sem eru þarna úti. Þættirnir eru góður kokteill af hinu drunga- og óhugnanlega en einnig uppfyllir af hómor og rómantik.



### LEITIN AÐ VÍDEÓBLOGG-STJÖRNUNNI

Sjónvarpsstöðin Sirkus er farin af stað með leit að fyrstu vídeóbloggstjörnu Íslands. Sirkus leitir að einstaklingi, pari eða hópi til þess að taka þátt í verkefniinu. Þeir sem verða valdir munu taka upp á myndband tveggja til þriggja mínútna dagbók úr lífi sínu á hverjum degi í mánuð. Sirkus útvegar myndbandstökuvél og klippigræjur sem blogg stjarnan fær að eiga. Hafir þú áhuga á að gerast fyrsta vídeóbloggstjarna landsins seturðu þig í samband við sjónvarpsstöðina Sirkus og aldrei að vita nema þú verðir fyrir valinu. Hið svokallaða vídeóblogg (vblog) er orðið gríðarlega vinsælt erlendis og víða eru vídeóbloggarar orðnir frægir í heimalöndum sínum.



### ÞÁTTURINN MINN HELJARFJÖR MEÐ HEMMA

„Þessi þáttur gengur náttúrulega bara út á tónlist, þetta er bara músík eins og við heyrum á X-inu. Þetta er blandað rokk eða blanda frá því nýjasta upp í eldra stöff. Fólk getur ekki hringt inn en það getur sent á mig tölvupóst, það er að segja ef það vill heyra eitthvað sérstakt. Meilið er hemmi@xid977.is og þar er hægt að láta í sér heyra ef maður hefur einhverjar séróskir. Þátturinn er alla virka daga frá 19-22 og líkt og flestum ætti að vera kunnugt heitir þátturinn Hemmi feiti.“

Hemmi feiti, útvarpsmaður á X-inu.



### ÞÁTTURINN MINN BINNI LEIKUR VÐ HLUSTENDUR

„Þetta snýst náttúrulega um að spila góða tónlist og skemmta fólk. Þetta er vinsælasta tónlistin í dag og nokkur ár aftur í tímann.“

Svo er ég með nokkra svona leiki eða þannig, eins og einn sem heitir Leitin að laginu, þar sem fólk heyrir lagbút og þarf að finna lagið. Þetta eru þá oft gömul lög sem erfitt er að átta sig á og svo er eitt svipað en heitir Ljúktu við línuna, þá kasta ég fram lagbút og einstaklingurinn þarf að ljúka við línuna sem er þá úr einhverju lagi. En annars er fjörið alltaf á milli tíu og tvö alla virka daga.“

Brynjar Már, útvarpsmaður hjá FM 957.



# SKEMMTIÐIR

## FÖSTUDAGUR 17. FEBRÚAR

### OLIVER

Þeir sem vilja skella sér á ball ættu að hafa samband við DJ Balla sem ætlar að rokka foking húsið á Oliver á föstudagskvöldið. Endilega bregðið ykkur á ball og sturtið í ykkur einum ísköldum Mojito á dansgólfinu. Það virkar maður.



### BAR 11

Það er alltaf sama rokkið á Bar 11 allar helgar. Að þessu sinni er það hljómsveitin Nilfisk sem ætlar að láta að sér kveða fyrir nærstadda. Það verður dansað og það verður drukkið. Nilfiskarnir kunna að fiska fjörið. Það er svo DJ Óli Dóri í Weapons sem spilar frá miðnætti til morguns.

### CAFÉ VICTOR

Idol-stemningin á Victor verður sífellt meiri, meiri, meiri og meiri. Í tilkynningu staðarins segir að Páll Óskar fái pottþétt að koma inn bakdyramegin en hvort Ingó úr Idolinu hafi eitthvað um það að segja skal ósagt látið. Að Idolinu loknu mun svo DJ Þróstur taka við og þrasta liðið inn í nóttina.

### PRÍKIÐ

Töfraðu fram það besta í þér á dansgólfinu með Gísla Galdri. Hann kemur til með að spila frá miðnætti og bjóða upp á allt sem fær þig til þess að dansa, og auðvitað glansa en ekki hvað.

### NASA

Í kvöld verður Trúbadorakvöld á NASA en þetta er fyrsta kvöldið af þremur. Fram koma Ragnheiður Gröndal, Jón Ólafsson og Ejólfur Kristjánsson. Hver tónlistarmaður spilar í um 45 mín. Þetta verða þægilegustu tónleikar sem tónlistargestir hafa nokkru sinni séð og heyrt. Sviðið verður upplýst á rómantískan hátt eða í anda svarthvítu myndanna, tilvalið þar sem Valentínusardag er nýlokið og konudagurinn á næsta leiti.

### GAUKURINN

Á Gauknum verður ýmislegt brasað um helgina og það er nú bara þannig. Á föstudaginn mun Ókinn vera með ball en á efri hæðinni er það blessaður Frigorinn sem heldur uppi stuðinu eins og hann gerir nánast hverja helgi við góðan orðstír. Skotheld skemmtun.

### SÓLON

Rapparinn og útvarpsmaðurinn Brynjar Már Valdimarsson er ekki við eina fjölinna felldur. Hann er úrvalsskífubeytir og þreytist enginn þegar Binni telur í og takturinn fær að flæða.

### VEGAMÓT

Jó, jó, jó, jó, jó, jó. Úti í eyjum var Einar Kaldi, en á Vegamótum verður það DJ Jói sem sér um sína og er það eitthvað sem ekki nokkur sála ætti að láta framhjá sér fara. Þannig er nú bara það. Ætli það nú ekki?

### HVERFISBARINN

Hann er með stóra fætur. Hann er með gul gleraugu. Það vantar í hann tönn. Hann er risastór. Hann er foking góður DJ. Við erum að sjálfsgöðu að tala um skemmtanakónginn Kida bigfoot sem ætlar að gera allt vitlaust á Hverfisbarnum á föstudagskvöldið.

### PRAVDA

Í háskóla er gaman, þar drekka allir saman og sei sei. Þannig verður það allavega á Pravda á föstudagskvöldið þegar háskólapartí verður haldið á Pravda eins og ekkert sé.

### KRINGLUKRÁIN

Sauðkrækingurinn Geirmundur Valtýsson spilar á föstudagskvöld ásamt hljómsveit sinni. Reyndar verður kallinn þarna líka á laugardagskvöld. Best að taka tvöfalda skagfirsku sveiflu um helgina.

## LAUGARDAGUR 18. FEBRÚAR



### OLIVER

Það verður nóg um að vera á Oliver um helgina. Þau Suzy og Elvis sjá um að fólk dansi fram eftir kvöldi. Náttúrulegt eða ekki, þetta er allavega brjáluð stemning sem enginn sæmilega vel gefinn maður lætur framhjá sér fara.

### BROADWAY

Söngskemmtun Björgvins Halldórssonar „Sagan af Nínu og Geira...söngbók Björgvin Halldórssonar“ hefur nú gengið fyrir fullu húsi síðan hún var frumsýnd í október í fyrra. Ekkert lát er á eftirspurn eftir miðum á þessa frábæru skemmtun. Nú hefur verið bætt við aukasýningum vegna eftirspurnar. Fyrsta aukasýningin er einmitt á laugardag.



### BAR 11

Meistari Biggi úr Maus spilar á Ellefunni. Hvort hann mæti í United-búningnum sem stendur á „Giggs 11“ veit enginn en hann verður allavegana á staðnum og ætlar að spila til 06.00.

### CAFÉ VICTOR

DJ Jón Gestur verður gjörsamlega truflaður í búrinu með úrslitin úr undanúrslitum í Eurovision-keppnini á hreinu. Þétt prógram til 05.30 sem skal vera kristilegur tími til að slúttu stuðinu og huga að konudeginum.

### PRÍKIÐ

Franz og Kristó eru mættir aftur til leiks og spila frá 21. Franzi sköllóttur en Kristó síðhærður, sameinaðir fá þeir prýðis-herraklippingu sem ætti að geta gert allt klárt áður en DJ Kári tekur við og spilar fram undir morgun. Þannig er það nú bara.

### NASA

Hinir einu sönnu Papar halda stórdansleik á NASA á laugardagskvöld. Og eru þeir félagar að spila í fyrsta skipti á NASA á nýju ári. Búast má við brjáluðu stuði og er aldrei að vita upp á hverju Matti tekur á sviðinu en hann mun stíga á svið laust fyrir miðnætti. HOUSTON, WE DON'T HAVE A PROBLEM.

### GAUKUR

Brjálað Eurovision-djamm á Gauknum. Keppninni verður varpað á tjöld um allan staðinn og risasjónvarp 2x3 metrar verður til staðar. Eftir keppnina ætlar hljómsveitin Smack að spila fyrir gesti og gangandi. Á efri hæðinni ætlar DJ Buddy Love að spila ber að ofan.

### SÓLON

Jæja, maður lifandi. Við erum að tala um karla- og konukvöld

á Sólon um helgina. Kallarnir á neðri hæðinni (þó ekki kallarnir.is) og konurnar á þeirri neðri. Tískusýningar frá La Senza og Fat Face. Þá erum við einnig að tala um fríar veitingar og ég veit ekki hvað og hvað. Hægt verður að vinna miða á þetta magnaða kvöld á topptónlistarstöðinni FM 957. Þannig að það er um að gera að spenna beltin og stilla útvarpið rétt.

### VEGAMÓT

Hinn rauðhærði og rosalegi DJ Dóri verður að spila á Vegó. Það eru alltaf flottar stelpur á Vegamótum þegar DJ ATli spilar þannig að þetta er solid. Vegó á laugardag? „Já takk.“

### HVERFISBARINN

Doktor mista Big Foot verður með fjörið. Þið vitið hvað sagt er um drengi með stóra fætur. Og þið vitið hvað sagt er um plötusnúða með alvöru snák. Skotheld skemmtun fram eftir morgni.

### PRAVDA

Diskó diskó kvöld. Hvað er hægt að segja annað en góða skemmtun? DJ Áki Pain er mættur á nýjan leik og svei mér þá ef hann er ekki flottari en nokkru sinni fyrr.

### KRINGLUKRÁIN

Sauðkrækingurinn, Geirmundur Valtýsson spilar á laugardagskvöld ásamt hljómsveit sinni. Hann var þarna líka á föstudagskvöld. En verður eflaust enn betri á laugardagskvöld. Föstudagurinn var líklega bara upphitun.

## VIKAN

### OLIVER

Jazzy Havanas verða með fjör í gangi á sunnudagskvöldið. Þeir byrja að spila klukkan hálfíu og verða eitthvað fram eftir. Stuhuð.

### PRÍKIÐ

Jón Mýrdal mætir í þvílíkum gir. Þyrfti ekki að koma gestum á óvart ef hann spilaði smá kántrí tónlist. Annars er um að gera að biðja hann um óskalgög.

## LANDSBYGGÐIN



### SJALLINN

Kynning á stúlkunum 15 sem taka þátt í Ungfrú Norðurland 2006. Stúlkurnar sem keppa um titilinn ungfrú Norðurland 2006 eru alls 15 og er þetta fjölmennasti hópur frá upphafi keppinnar. Stúlkurnar koma fram í fötum frá Perfect. Opnar kl. 23.30. Á laugardagskvöld mæta svo Jet Black Joe og rokka aðeins upp í sólbrúnum Akureyringum.

### YELLO KEFLAVÍK

Atli skemmtanalögga spilar á föstudagskvöldið. Eflaust gaman að fylgjast með Atla spila á sínum heimaslóðum. Svo verður það DJ Gunnir á laugardagskvöldið. Boltinn í beinni alla helgina, þar á meðal leikur Manchester United og Liverpool.

### PLAYERS KÓPAVOGI

Það verður sannkölluð stjörnumessa á Players um helgina. Í svörtum fötum spilar þar á föstudagskvöld og á laugardagskvöld koma drengirnir í Vinum vors og blóma alla leið af Vesturlandi.

# Sódoma Reykjavík

**SÓDÓMA REYKJAVÍK ER PRÓGRAMM SIRKUSS RVK. FYRIR NÆSTU DAGA. FYLGDU ÞVÍ Á LEIÐINI TIL BÆTTRAR HEILSU. SENDU OKKUR PÓST MEÐ ÁBENDINGUM UM BRÁÐNAUÐSYNLEGA ATBURÐI NÆSTU HELGAR Á SODOMA@365.IS**

## LISTASÝNINGAR

### AURUM

Í dag lýkur sýningu Palla, Þorgeirs Frímans Óðinssonar, fjöllistamanns. Palli sýnir verk úr myndaröðinni Vigdís. Við tekur Ester Ýr Steinarsdóttir. Ester verður með sýningu á ljósmyndum og opnar hún á morgun, laugardaginn 18. febrúar. Áhugaverð og skemmtileg sýning sem vert er að skoða.

### ARTÓTEK GRÓFARHÚSI

Sýning á verkum Valgerðar Hauksdóttur myndlistarmanns hefur verið opnuð á 1. hæð Grófarhúss, Tryggvagötu 15. Sýningin er sjöunda í röð sýninga á verkum listamanna sem eiga listaverk í Artóteki – listhlöðu í Borgarbókasafni. Sýningin stendur til 19. febrúar og því eru síðustu forvöð að fara á hana.

### DUUS HÚS

Sýning Poppminjasafnsins þar sem sagt er frá tímabilinu 1969 til 1979 í máli og myndum. Rifjuð er upp tískan og tíðarandinn. Opið frá klukkan 13 til 18.30 til 1. apríl.

### BANANAS

Hér er á ferðinni sýning eftir Finn Arnar Arnarson og stendur hún til 18. febrúar, þannig að þið skulið drífa ykkur áður en það verður um seina.

### LJÓSMYNDASAFN REYKJAVÍKUR

Sýning Friðriks Arnar Ljósmyndara, 10.000, verður opnuð í Ljósmyndasafni Reykjavíkur hinn 18. febrúar 2006. Titill sýningarinnar vísar til þess að 27 ár, eða um tíu þúsund dagar, eru liðnir frá því að Friðrik Örn eignaðist sína fyrstu myndavél þá átta ára að aldri. Myndirnar á sýningunni spanna allt þetta tímabil fram til dagsins í dag.

### CAFÉ KARÓLÍNA

Aðalsteinn Svanur Pétursson sýnir bleksprautuprentanir sem margir vildu geta státað sig af.

### GALLERÍ SÆVAR KARLS

Hér á bæ á sér stað skemmtileg sýning Jónasar Viðars Sveinssonar. Jónas sýnir málverk sín þar til 23. febrúar.

### GALLERÍ IS

Ólafur Gíslason opnaði sýningu í 18 á fimmtudaginn síðasta sem mun standa yfir í nokkrar vikur. Áhugaverð sýning hjá Ólafi sem vert er að kynna sér.

### KAFFI MÍLANÓ

Erla Magna Alexandersdóttir sýnir olú- og akrílmýndir út febrúar.

### HALLGRÍMSKIRKJA

Þær Kristín Gunnlaugsdóttir og Margrét Jónsdóttir verða með sýningu í kirkjunni háu til loka febrúar.

### HRAFNI STA HAFNARFIRÐI

Sjö málara frá Félagsmiðstöðinni Gerðubergi sýna í Menningarsal til 21. mars.

### NORRÆNA HÚSIÐ

Norræna húsið klikkar aldrei hvort sem er til að fá sér smá í gogginn, glugga í blöð eða eins og við leggjum til að þið gerið: Skellið ykkur á myndlistarsýningu. Núna stendur yfir mjög áhugaverð sýning þriggja finnskra listamanna. Listamennirnir sýna verk sín til 5. febrúar. Endilega kíkið inn eða skoðið slóðina; www.safn.is

### KARÓLÍNA RESTAURANT

Enginn annar en Óli G. verður með sýningu til lok aprílmánaðar. Sýningin kallast Týnda fiðrildið.

### LISTASAFN REYKJAVÍKUR, KJARVALSSTAÐIR

120 ár frá fæðingu málaras Jóhannes Sveinssonar Kjarvals. Sýningin mun standa til 19. mars.

### TÍSTUDÝR Á MOKKA

Á Mokka stendur núna yfir sýning á verkum Lindar Völundardóttir sem búsett er í Hollandi. Sýningin samanstendur af ellefu ljósmyndum af tístudýrasafni Lindar. Sýningin stendur til 24. febrúar.

### ÞJÓÐMINJASAFN ÍSLANDS

Huldukonur í íslenski myndlist í Bogasal, sýningin verður til 28. maí. Ljósmyndir Marcos Paoluzzo og ljósmyndir Péturs Thomsen í Myndasal, en sú sýning verður til 20. febrúar.

### ENERGIA

Hér er sýning Erlu M. Alexandersdóttur sem sýnir akríl- og olíumálverk. Sýningin mun standa út febrúar.



### THORVALDSEN

Bjarni Helgason sem er grafískur hönnuður hefur opnað sýningu sem ber nafnið Ostranenie-sjónræna tónræna-sýningin og stendur yfir til 3. mars.

### BAKSALURINN Í GALLERÍ FOLD

Laugardaginn 4. febrúar opnaði Hulda Vilhjálmssdóttir málverkasýningu í Baksalnum í Gallerí Fold við Rauðarárstíg. Sýningin heitir Náttúrasköp – the nature shape in creation. Opið er í Gallerí Fold daglega frá kl. 10.00 til 18.00, laugardaga frá kl. 11.00 til 16.00 og sunnudaga frá kl. 14.00 til 16.00 meðan á sýningunni stendur.

### LISTASAFN KÓPAVOGS

Á efri hæðinni er það Kristín Þorkelsdóttir sem fer af stað með sýningu sem hún nefnir Tvo heima. Sýnishorn af grafískri hönnun Kristínar, allt frá upphafi ferils hennar á síðari hluta sjötta áratugsins, verða í vestursal safnsins. Á neðri hæð safnsins er sýning sem ber heitið Þræðir. Á henni eru um 20 kjólar og yfirhafnir sem Guðrún Vigfúsdóttir hannaði og óf á meðan hún rak vefstofu á Ísafirði. Vefstofuna stofnaði Guðrún árið 1965 og rak í 20 ár.

### LJÓSMYNDASAFN REYKJAVÍKUR

Myndheimur Jóna Þorvaldsdóttur af draumkenndum blæ, sveipuðum dulúð og mykt sem hefur seiðandi áhrif á áhorfandann er til sýnis í Ljósmyndasafni Reykjavíkur. Jóna hefur farið víða um heiminn og tekið myndir á hinum ýmsu stöðum. Flott sýning sem enginn ætti að láta framhjá sér fara. Sýningin er opin til 22. febrúar.

### LISTASAFN REYKJAVÍKUR, HAFNARHÚS

Myndir eftir Erró eru til sýnis og mun sýningin standa til 23. apríl.



### NÝLISTASAFNIÐ

Curver sem breytti nafninu sínu með pomp og pragt á miðvikudaginn var, er með yfirlitsýningu á verkum sínum. Endilega kíkið þangað og njótið vel.

### SKÚLATÚN 4

Hér er sýning og samsuða margra listamanna. Þessir listamenn eru úr hinum ýmsu áttum og gæti verið áhugavert að líta þar inn.

## LEIKHÚS

### FÖSTUDAGUR 17. FEBRÚAR

#### ELDHÚS EFTIR MÁLI

Þjóðleikhúsið heiðrar minningu Svövu Jakobsdóttur sem hefði orðið 75 ára á þessu ári. Svava hafði mikil áhrif á íslenskt menningarlíf og samfélag á seinni hluta 20. aldar og kom með skarpa sýn á stöðu konunnar í nútímasamfélagi. Leiksýningin er innblásin af fimm smásögum eftir Svövu og er leikritið fullt af söngvum og óvæntum uppákomum.

## HVAÐ ÆTLAR ÞÚ AÐ GERA UM HELGINA

## AFMÆLI HJÁ MÖMMU OG TEKNÓ

„Ég er að fara í fimmtugsafmæli til mömmu minnar á föstudaginn, það verður skemmtilegt,“ segir Sigurður Guðmundson í Hjálumum. „Það er óráðið hvað ég geri á laugardaginn. Á sunnudaginn þá er bara teknódagur heima, þá er ég bara að búa til teknó, það er mjög skemmtilegt og það góða við sunnudagana. Það er svona það sem ég geri alltaf á sunnudögum og flesta aðra daga.“



## SPILA OG SVO BARA HREYFINGARLEYSI

„Ég er nú ekkert að fara gera neitt merkilegt þannig, ég er að fara að spila á Kaffibarnum á laugardaginn,“ segir tónlistarmaðurinn Kristinn Gunnar Blöndal. „Þar sem ég er að fara að spila á laugardaginn þá held ég að ég verði bara hreyfingarlaus á sunnudaginn, en á föstudaginn ætla ég að hita mig bara upp fyrir helgina í einhverju góðu gilli. Ég er bara ekkert búinn að plana en ég finn eitthvað skemmtilegt að gera, það er alltaf þannig.“



## EUROVISION OG AFTUR EUROVISION

„Já, helgin er bara Eurovision,“ segir Ardís Ólöf Víkingsdóttir. „Svo er maður bara aðeins að dúlla sér og svona, þú veist fara í brúnkumeðferð og þannig. Svo er dagurinn sjálfur, laugardagurinn, algjört span, það er fördun, greiðsla, tvær æfingar, general prufa og lokaæfing. Erum bara allan daginn að æfa og undirbúa okkur. Svo kem ég fyrst á svið og hlakka bara rosalega til, fannst þetta pinku skelfilegt fyrst en núna er ég ánægð með þetta. Ég verð þá bara búin með þetta og get sest í salinn og horft bara á hina. Eftir keppnina er allsherjarpartí sem fer fram í Óperunni, ætli maður í lengist ekki eitthvað þar og skelli sér svo kannski niður í bæ. Á sunnudaginn ætla ég bara að taka það rólega og hvíla mig, að vísu þarf ég að undirbúa mig og pakka fyrir Akureyrarferð á mánudaginn. Vegna þess að þá erum við að fara að æfa Litlu hryllingsbúðina.“

## ÉG ER MÍN EIGIN KONA

Þetta verk er má enginn láta fram hjá sér fara. Um er að ræða einleik þar sem Hilmir Snær Guðnason kemur áhorfendum sínum á óvart hvað varðar leik og tilburði. Það eru örfásæti laus.



## FULLKOMIÐ BRÚÐKAUP

Hið geysivinsæla grínleikrit Fullkomið brúðkaup er sýnt hjá Leikfélagi Akureyrar og er að gera allt bandbrjálað þar í bæ. Sýningar hafa gengið fyrir fullu húsi síðan í haust. Þeir sem hafa ekki ennþá séð þetta skemmtistykki. ættu að kaupa sér miða og fara klukkan átta í kvöld.

## MANNTAFL

Það eru síðustu sýningar á einleik Þórs Túlníus. Núna fer hver að verða síðastur að tækka á þessu snilldarleikriti sem er sýnt í Borgarleikhúsinu. En í kvöld er aukasýning og mun hún byrja klukkan átta.

## NAGLINN

Nýtt verki eftir Jón Gnarr. Þetta er harmleikur um karlmannskuna, saga manns sem finnst allt hafa farið fyrir ekkert þótt hann hafi fyrir alla muni vilja standa sig. Gunnar Sigurðsson og Jón Stefán Kristjánsson sjá um leikinn. Jón kann að skemmta landanum með hnyttum og beinskæittum húmor á kaldhæðinn hátt. Sýningin hefst klukkan átta í kvöld á litla sviði í Borgarleikhúsinu.

## HIMNARÍKI

1995-1996 og var sýningum hætt fyrir fullu húsi. Himnaríki hefur verið þýtt á fjölmörg tungumál og verið sýnt víða um heim. Guðlaug Elísabet, Jóhann G., Elma Lísá og Friðrik Friðriksson fara meðal annars með hlutverk ásamt fleiri góðkunnnum leikurum. Sýningin hefst klukkan átta og það eru örfá sæti laus.

## GLÆPUR GEGN DISKÓINU

Glæpur gegn diskóinu er eftir Gary Owen og er frábær sýning og ein af þeim sem hefur komið hvað mest á óvart. Gary Owen þykir eitt af áhugaverðustu og bestu leikskáldum Breti í dag. Steypibaðsfélagið Stútur er hér í samstarfi við Vesturport og Borgarleikhúsið og úr verður hin besta skemmtan.

## TÚSKILDINGSÓPERAN

Hver er munurinn á að ræna banka og að taka yfir banka? Þessari spurningu er varpað fram í þessu leikriti sem er sýnt á stóra sviðinu í Þjóðleikhúsinu. Frá Berthold Brecht og Kurt Weill kemur þetta briliant leikrit sem sló í gegn þegar það var fyrst sýnt í Berlín. Leikritið fjallar um skrautlegan lýð, broddborgara og bófa.

## TYPPATAL

Auðunn Blöndal talar um typpi á Nasa. Siggi Sigurjóns leikstýrir þýðingu Jóns Atla Jónssonar.

## LAUGARDAGUR 18. FEBRÚAR

### BELGÍSKA KONGÓ

Eggert Þorleifsson fékk Grímuverðlaunin fyrir túlkun sína á Rósalind, gamalli konu á elliheimili sem fær heimsókn frá barnabarni sínu sem hún hefur ekki talað við í sjö ár. Leikritið er sýnt á litla sviði Borgarleikhússins klukkan átta.

### CARMEN

Söngleikurinn Carmen er samstarfsverkefni Leikfélags Reykjavíkur og Íslenska dansflokksins, þar sem óperunni eftir Bizet er snúð í söngleik um ástir, afbrýði og hrikaleg örlög, sem ekki verða umflúin. Ásgerður Júnísdóttir leikur Carmen. Sveinn Geirsson leikur Don José og Erlendur Eiríksson Escamillo. Sýningin hefst klukkan átta.



## RONJA RÆNINGJADÓTTIR


Ronja ræningjadóttir eftir Astrid Lindgren í leikstjórn Sigrúnar Eddu Björnsdóttur. Þetta klassíska og ávallt hressandi verk er sýnt í Borgarleikhúsinu. Söguna kannast flestir við og þeir sem ekki gera það munu ekki sjá eftir því að leyfa söguni og persónunum að flytja sig á vit ævintýrana.

## ELDHÚS EFTIR MÁLI

Leiksýning sem er samin upp úr fimm smásögum eftir Svövu Jakobsdóttur og er leikritið fullt af söngvum og óvæntum uppákomum. Sýningin er klukkan fjögur í dag og einnig er sýning klukkan átta.

## FULLKOMIÐ BRÚÐKAUP

Farsi um brúðkaupsmartröð hjá Leikfélagi Akureyrar.



## NAGLINN

Nýtt verki eftir Jón Gnarr. Þetta er harmleikur um karlmannskuna, saga manns sem finnst allt hafa farið til einskis þrátt fyrir allan sinn vilja til að standa sig. Gunnar Sigurðsson og Jón Stefán Kristjánsson sjá um leikinn. Jón kann að skemmta landanum með hnettnum og beinskæittum húmor á kaldhæðin hátt. Sýningin hefst klukkan átta íkvöld á litla sviði í Borgarleikhúsinu.

## RONJA RÆNINGJADÓTTIR

Ronja Ræningjadóttir eftir Astrid Lindgren en er í leikstjórn Sigrún Edda Björnsdóttir. Þetta klassíska og ávallt hressandi verk er sýnt í Borgarleikhúsinu. Söguna kannast flestir við og þeir sem ekki gera það munu ekki sjá eftir því að leyfa söguni og persónunum að flytja sig á braut ævintýrana.

## HUNGUR

Hungur er nýtt, íslenskt verk eftir Þórdísi Elvu Þorvaldsdóttur Bachmann og er um lífsbaráttu fjögurra einstaklinga í heimi þar sem útlitskröfurnar eru svo óraunhæfar að internetið er eini staðurinn þar sem hægt er að uppfylla þær. Hungur er þriller um stjórnum, kynlíf, sjálfsgaga, ást, fíkn, ímynd, fegurð og leit að fullkomnum.

## ÉG ER MÍN EIGIN KONA

Hilmir Snær fer á kostum í mögnuðum einleik sem sýndur er í Iðnó.

## HIMNARÍKI

1995-1996 og var sýningum hætt fyrir fullu húsi. Himnaríki hefur verið þýtt á fjölmörg tungumál og verið sýnt víða um heim. Guðlaug Elísabet, Jóhann G., Elma Lísá og Friðrik Friðriksson fara meðal annars með hlutverk ásamt fleiri góðkunnnum leikurum. Sýningin hefst klukkan átta.

## KALLI Á ÞAKINU.

Í hlutverki Kalla á Þakinu er enginn annar en Sveppi sjálfur. Þetta er bráðskemmtileg barnasýning fyrir alla fjölskylduna. Kalli verður í Borgarleikhúsinu klukkan tvö. Heimsins besti Kalli og það jafnast enginn á við hann.

## TÚSKILDINGSÓPERAN

Hver er munurinn á að ræna banka og að taka yfir banka? Þessari spurningu er varpað fram í þessu leikriti sem er sýnt á stóra sviðinu í Þjóðleikhúsinu. Frá Berthold Brecht og Kurt Weill kemur þetta briliant leikrit sem sló í gegn þegar það var sett á fjalirnar í Berlín. Leikritið fjallar um um skrautlegan lýð, broddborgara og bófa.

## TYPPATAL

Auðunn Blöndal talar um typpi á Nasa. Siggi Sigurjóns leikstýrir þýðingu Jóns Atla Jónssonar.

## SUNNUDAGUR 20. FEBRÚAR

### ÖSKUBUSKA

Þetta magnaða ævintýri verður frumsýnt í Íslensku óperunni um helgina. Þarna fara okkar fremstu söngvarar með stór hlutverk en þar hæst að nefna hinn unga og myndarlega Garðar Thor Cortés. Uppsett er á frumsýninguna en til eru lausir miðar á næstu sýningar.

### RONJA RÆNINGJADÓTTIR

Ronja ræningjadóttir eftir Astrid Lindgren, í leikstjórn Sigrúnar Eddu Björnsdóttur. Þetta klassíska og ávallt hressandi verk er sýnt í Borgarleikhúsinu. Söguna kannast flestir við og þeir sem ekki gera það munu ekki sjá eftir því að leyfa sögunni og persónunum að flytja sig á vit ævintýrana.

### BELGÍSKA KONGÓ

Eggert Þorleifsson fékk Grímuverðlaunin fyrir túlkun sína á Rósalind, gamalli konu á elliheimili sem fær heimsókn frá barnabarni sínu sem hún hefur ekki talað við í sjö ár. Leikritið er sýnt á litla sviði Borgarleikhússins klukkan átta.

### ÖSKUBUSKA

Skemmtileg fjölskylduskemmtun, þar sem allir labba út með bros á vör. Nokkur sæti laus.

### KALLI Á ÞAKINU

Í hlutverki Kalla á Þakinu er enginn annar en Sveppi sjálfur. Þetta er bráðskemmtileg barnasýning fyrir alla fjölskylduna. Kalli verður í Borgarleikhúsinu klukkan tvö. Heimsins besti Kalli og það jafnast enginn á við hann. Það verður einnig aukasýning á þessu vinsæla leikriti klukkan fimm.

### KLAUFAR OG KÓNGSDÆTUR

Barnaleikrit sem hentar öllum aldri. Farið er í ævintýraheim H. C. Andersen. Handritið er byggt á nokkrum vel völdum ævintýrum frá þeim danska höfund. Björgvin Franz Gíslason stelar senunni í þessu annars mjög flotta verki. Sýningin var fyrst sett á laggirnar í fyrravetur og gengur enn vegna vinsælda. Sýningin hefst klukkan tvö og er hún sýnd á stóra sviði Þjóðleikhússins.

### MIND CAMP

Það eru þeir Egill Heiðar Anton Pálsson, Jón Atli Jónasson og Jón Páll Eyjólfsson sem leiða saman hesta sína við smíði verksins Mind Camp sem sýnt er í Hafnarfjarðarleikhúsinu. en leikendurnir, eða kannski er nær að segja flytjendur, hafa lagt sitt í þúkíð. Flytjendur leggja sitt af mörkum við að brjóta leikformið undan yfirráðum persónusköpunar. Einkar áhugaverð sýning.

### SUNNUDAGSKVÖLD MEÐ SVÖVU

Hægt er að fræðast um ævistarf Svövu Jakobsdóttur á Smíða-verkstæðinu í kvöld. Í tengslum við sýninguna Eldhús eftir máli er boðið upp á fyrirlestur, kvöldverð, leiksýninguna og umræður á eftir.

### TYPPATAL

Auðunn Blöndal talar um typpi á Nasa. Siggi Sigurjóns leikstýrir þýðingu Jóns Atla Jónssonar.

## MÁNUDAGUR 20. FEBRÚAR

### ELDHÚS EFTIR MÁLI

Leiksýningin sem er innblásin af fimm smásögum eftir Svövu Jakobsdóttur og er leikritið fullt af söngvum og óvæntum uppákomum. Sýningin er klukkan fjögur í dag og einnig er sýning klukkan átta.

### HUNGUR

Hungur er nýtt, íslenskt verk eftir Þórdísi Elvu Þorvaldsdóttur Bachmann á litla sviði Borgarleikhússins. Sálfræðitryllir um svelt og ofát.



„Skemmtistaður bragðlaukanna“

Þetta merki prýðir nýjan og stórglæsilegan veitingastað að Laugavegi 81, Reykjavík Pizza Company.

Þótt Eldsmiðjan sé nokkrum skrefum framar en aðrir í gæðum og frumleika, þá er það í verkahring RPC að taka pizzuna skrefinu lengra í átt að fullkomnun. Hvergi er sparað í gæðum og þar mun frumleikinn fá að njóta sín í bragði.

# Lokaskrefið í átt að fullkomnun hefur verið tekið

Fólkið á Eldsmiðjunni hefur hannað nýtt merki yfir gæði!

- Eldbakaðar pizzur
- Kaffihús
- Súrdeigsbeyglur og samlokur
- Heilsuvafningar og súpur
- Kósí krá á kvöldin

**Heimsending / Take Away**  
**Sími 561 3838**



Laugavegi 81 - 101 Reykjavík - Sími 561 3838  
[www.rpco.is](http://www.rpco.is) - [rpco@rpco.is](mailto:rpco@rpco.is)



VERK ALDÍSA

ÞÁ ÞESSU SINNI ÁKVAÐ SIRKUS AÐ SKELLA SÉR TIL KÖBEN OG SPJALLA VIÐ HANA ALDÍSI PÁLSDÓTTUR LJÓSMYNDARA SEM ER BÚSETT Í DANMÖRKU OG ER AÐ GERA ÞAÐ GOTT Í SÍNU FAGI. OKKUR LANDSMÖNNUM ÞYKIR ÞAÐ ÁVALLT FRÉTTAÆFNI ÞEGAR UNGIR ÍSLENDINGAR NÁ ÁRANGRI Í ÚTLÖNDUM OG ENGIN FURÐA ÞAR SEM OKKUR HINUM SEM ERUM FÖST HÉR HEIMA ÞYKIR SPENNANDI OG SKEMMTILEGT AÐ LESA UM ÞÁ. ALDÍS PÁLSDÓTTIR ÚTSKRIFAÐIST SEM LJÓSMYNDARI Í SEPTEMBER 2005. Í KJÖLFAR ÚTSKRIFARINNAR VAR HALDIN SÝNING Á VERKUM NEMENDA, BÆÐI Í ÁRÓSUM OG Í KAUPMANNAHÖFN. VAKTI SÝNINGIN MIKLA ATHYGLI OG TÓKST MEÐ GLÆSIBRAG.

SIRKUSMYNDIR – ALDÍS PÁL

# SÁ STERKARI SIGRAR

„Að mínu mati er það nauðsynlegt að fá leiðbeiningu inn í bransann. Málið er að þetta er hark, þú ert þinn eigin herra og þú þarft að koma þér á framfæri,“ segir Aldís Pálsdóttir ljósmyndari sem reynir nú fyrir sér sem atvinnuljósmyndari í Danmörku. Við ræðum aðeins saman um námið og hvernig það er að standa á eigin fótum eftir útskrift.

## LÆRLINGUR HJÁ DANSKA KONUNGLEGA HIRÐLJÓSMYNDARANUM

*Hvernig var skólagangan, ólík þessu heima?*  
„Skólinn spannaði fjögur og hálf tónn af lífi mínu. Þar sem stór hluti af náminu er verklegur hef ég unnið sem lærlingur undir leiðsögn meistara. Ég vann með Friðriki Erni Hjaltsted ljósmyndara í Reykjavík og danska konunglega hirðljósmyndanum, Steen Evald, hér í Köben. Svona fara Danirnir að og þykir mér þetta ágætt fyrirkomulag þar sem maður lærir ýmislegt, málið er nefnilega að „bransinn“ er svo stór hluti af hlutverkinu að vera ljósmyndari.“

*En hvað er erfiðasta verkefnið sem þú manst eftir í fljótu bragði?*

„Nú er ég búin að vera aðstoðarmaður svo lengi en ætli það sé ekki erfiðast, þessu fylgir svo mikill búnaður stundum. Ég hef verið að drösla tækjum og tólum hingað og þangað, á milli landa, í hita og kulda, rennt mér niður Íslandsjökla og hlaupið upp sandhóla í Saharaeyðimörkinni. Og ég get sko sagt án þess að blikka auga að þetta er ekkert grín. En ég hugga mig við það að það kemur að því að ég fái minn aðstoðarmann, þá verður gaman,“ segir Aldís og hlær tilhlökkunarhlátri og virðist vera ánægð með að aðstoðarmannstíðinni er lokið. Fyrst við erum að tala um liðna tíma finnst mér tilvalið að skella mér í framtíðina eða hina líðandi stund.

## ER AÐ VINNA AÐ PLÖTUUMSLAGI

*Hvað ertu að fást við í dag?*

„Ég hef soldið verið að taka myndir af börnum og brúðhjónum. Til mín berast ýmis verk-

efni og þá yfirleitt vegna þess að viðkomandi vill fá öðruvísi myndir og það finnst mér alltaf skemmtilegast. Ég hef bæði verið að vinna í gegnum Ísland og Danmörku, þó að ég sé nú búsett í Danmörku, það er svo stutt á milli. Í augnablikinu er ég að vinna með danski söngkonu sem er að fara að gefa út plötu, við vinkonurnar erum að sjóða saman eitthvert snilldarumslag.“

## SÁ STERKARI SIGRAR

*Hjálpestið að, ég meina þú og samnemendur þínir?*

Það er nú alltaf einhver samkeppni en við hjálpumst samt alltaf að, í bekknum mínum var fólk frá Danmörku, Íslandi og Noregi. Það er mjög gott að hafa opna arma út í allar áttir, ég meina, ég hef hjálpað þeim nokkrum og sömu leiðis hafa hinir hjálpað mér. Þetta er hark og ef margir eru að keppast um sama bitann verður stríð, bara eins og gerist í frumskóginum, sá sterkari sigrar. Maður kemst auðvitað langt á

því að þekkja mann og annan og enn lengra ef maður er góður.

## HVER Á HVERN?

*Hvaða ljósmynd ertu ánægðust með?*

„Sko, ég á tvær uppáhaldsmyndaseríur, fyrsta myndin er þar sem ég er að vinna með lýsingu í fyrsta skiptið sem ég tók í stúdíói. Þessa myndaseríu kalla ég „FREEDOM“. Ég held að hún verði alltaf í uppáhaldi hjá mér þar sem þetta var svona mín fyrsta alvörumyndataka. Einnig vegna þess að ég myndi ekki gera hana neitt öðruvísi í dag. Svo ég monti mig aðeins hefur hún unnið til verðlauna bæði á Íslandi og í Danmörku, maður er eðlilega stoltur.“

Hin myndin var síðasta verkið mitt, ég gerði það fyrir lokaprófið. Hana kalla ég „BoneWhite“. Það sem mér finnst skemmtilegt við þessa mynd, eða það sem heillar mig, er samspilið á milli kattarins og módelins. Spurningar eins og hver passar upp á hvern eða hver vekur hvern.“ SEJ

# BÍÓFRAMKOMA

Þegar ég byrjaði með þessa pistla hélt ég að ég þyrfti nú bara að fara yfir nokkur atriði með ykkur. Ég er búinn að kenna ykkur heitustu frasana, hvernig á að haga sér í gymminu, hvernig á að haga sér í útlöndum o.s.frv. Ég hélt að ég þyrfti ekki að kenna ykkur hvernig á að skeina sér líka! Það virðist bara vera að þið séuð úti að drulla í ÖLLU, sama hversu einfalt það er. Tökum einfaldan hlut eins og að fara í bíó. Erud þið ekki ennþá búin að fatta það að það þarf að plana það vel! Það er til hellingur af hálfvítum sem rölta bara inn í bíóið 5 mínútum áður en myndin byrjar, BYRJA á því að fara í sjoppuna og leita sér síðan að sæti. Þessu fólki þarf að skeina. Ég skal fara yfir þetta með ykkur.

Það er mjög mikilvægt að þurfa ekki að biða í röð. Það er mjög asnalegt að biða í röð og bara retharðar sem láta gabba sig í það. En það er ekki heldur töff að mæta hálf tíma áður en myndin byrjar. Þá dregur fólk þá ályktun að þú sért rúnkari, og rúnkarar eru ekki töff. Lausnin er mjög einföld, þú ferð klukkutíma áður en að myndin byrjar og kaupir þér miða, ferð síðan og bóna hjólhýsið þitt eða eitthvað sem þér finnst gaman að dunda þér við áður en að myndin byrjar. Síðan mættirðu 8-11 mínútum áður en myndin á að byrja. Röltir síðan fram hjá öllum pappakössunum sem eru í röðinni með sexy svipinn þinn. Í mínu tilfelli myndi ég rölta með Hrätt Stál fram hjá öllum og glotta. Jú, jú, vissulega verður fólk pirrað, en hey, who gives a flying rats ass, þú átt nóg af vinum.

Okey þú ert mættur inn og það eru 6-7 mínútur í að það verði hleypt inn í salinn. Aldrei og ég endurtek ALDREI fara fyrst í sjoppuna áður en að þú velur þér sæti. Það eru algengustu mistök. Í fyrsta lagi þá er mikill trúðingur þegar hurðin er opnuð og ef þú ætlar að ná að gefa sem flest olnbogaskot þá geturðu ekki verið með fullar hendur af einhverju drasli. Það er í góðu lagi að berja aðeins frá sér því að það er ekkert mikilvægara en að vera með góð sæti þegar þú

ferð í bíó. Síðan þegar þú ert búinn að ná þér í góð sæti þá læturðu félag þinn passa þau meðan þú ferð í sjoppuna. Það er reyndar ekki hægt ef þú ert einn í bíó en í guðanna bænum láttu það eiga sig. Það er fróaralegt.

Maður getur lent í mörgum leiðindaatvikum í bíó. Þú getur dottið þegar þú ert að leita þér að sæti og misst kókið og poppið út um allt. Þá hlæja allir að þér og þú getur lagt jónssoninn á hilluna. Þú getur síðan lent í því að Sigurjón Kjartansson eða einhver annar þriggja metra háir gæi setjst fyrir framan þig. Það er leiðindamað þú að þá sérðu ekki á skjánn og það er helvíti hart að borga 800

kall bara fyrir að heyrja hljóðið í myndinni. Það eru til nokkrar aðferðir sem virka til þess að fjarlægja þriggja metra gæjann. Byrjaðu á því að snýta þér í krullurnar á honum. Þegar hann snýr sér við öskrandi þá biðstu afsökunar og segist vera með kvef. Láttu síðan líða svona 5 mínútur áður en þú tekur næsta move en vertu stanslaust að berja hnénu í sætið hans. Bara það eitt getur gert mann geðveikan.

Ef að þú gerir þetta rétt þá ætti gæinn að verða orðinn alveg temmilega pirraður og þá er bara að reka smiðshöggjöð á. Þá er tilvalið að standa upp, girða niðrum sig og leggja jónssoninn OG punginn á öxlina á mannnum. Mjög mikilvægt að leggja punginn líka, ekki klikka á því. Ef þetta gengur vel þá á maðurinn eftir að ganga berserksgang í bíósalnum og mjög líklega beita ofbeldi. En að sjálfsgöðu slærðu ekki tilbaka. Ef hann reynir að kyla þig þá reynir þú að kyssa hann. Ég get nokkurn veginn garanterað það að hann muni færa sig og finna sér annað sæti.

Ef þú ert heitur gæi og ert að fara með dömu í bíó og veist ekki hvernig þú átt að láta hana káfa á hershöfðingjanum á þér þá er ég að sjálfsgöðu með svar við því. Þú nærð þér í popppoka í sjoppunni og situr með hann í kjöltunni. Þú gerir

síðan hringlaga gat neðst á pokann. Næsta skref er að ná stíningu. Ég mæli með því að hugsa um eitthvað sexy, eins og t.d. Hjóbba Ká í bleikum g-streng. Þegar fullu risi er náð þá læturðu getnaðarliminn í gegnum gat-ið á pokanum. Síðan siturðu þarna blásaklaus meðan heldur áfram að háma í sig poppið þitt. Síðan kemur að sjálfsgöðu að því að poppið minnkar og jónssoninn kemur í ljós. Ef að þú ert lucky verður vel tekið í þetta stunt hjá þér og þú verður kannski lucky.

En að sjálfsgöðu fer þetta eftir í hvaða bíói þú ert hverju sinni. Persónulega finnst mér Laugarásbíói vera skrefi framur en önnur bíó. Smárábíó stendur líka fyrir sínu. Ég vildi óska þess að ég gæti rætt bíóframkomu betur en hún er einfaldlega svo flókin að það tæki 6-7 blaðsíður að ræða hana alla.

Þangað til næst, sættast þú!  
Kv, Gillz



# 31





**AMERICAN  
STYLE**

*Bíldshöfða*  
**NÝR STAÐUR**

SKIPHOLTÍ • KÓPAVOGI • HAFNARFIRÐI